# Niðurjöfnun útsvara 1901-1907

Aðfnr. 1284 1/2, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefndar-skjöl

haustið 1901. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útsvarskærur 1907.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| X1. X | Þórður Þórðarson, Bitungaholti | | Dags: 10/12. | Mótt: 12/12. 1907 |
| X2. X | Guðrún Jónsdóttir, Steinakoti | | 12/12. | 12/12. |
| X3. X | Jón Jakobsson, Rvík, (pilskipseigandi) | | 12/12. | 13/12. |
| X4. X | Björn Hieronýmusson, Rvík | | 12/12 | 13/12. |
| X5. X | Hallgrímur Eiríksson, Litla-Skinnholti | | 13/12. | 14/12 |
| X6. X | Jón Sigurðsson, frá Syðstu-Mörk | | 14/12. | 14/12. |
| X7. X | Ellert K. Schram, skipstjóri, Rvík | | 14/12 | 16/12. |
| X8. X | Pjetur Þórðarson, aukanæturvörður, Rvík | | 16/12. | 18/12. |
| X9. X | Níels Pálsson, Nýlendugata 14. | | 20/12. | 21/12 |
| X10. X | Helgi Pjetursson, Cand. mag., Stud. med: | | 15/12. | 21/12. |
| X11. X | J. G. Halberg, hótelhaldari | | 22/12. | 23/12. |
| X12. X | Pjetur Bjarnason (skipstjóri) – faðir hans + Bjarni Arnason | | 19/12 | 23/12. |
| X13. X | Verzlunin "Godthaab" (Thor Jensen) | | 22/12. | 24/12. |
| X14. X | Gísli Þorbjarnarson, búfræðingur og kaupmaður | | 24/12. | 24/12. |
| X15. X | Hannes Þorsteinsson, ritstjóri | | 27/12 | 27/12. |
| X16. X | Th. Thorsteinsson, konsúll | | 27/12. | 27/12 |
| X17. X | Jakob Jósefsson, frá Árbakka | | 28/12 | 28/12 |
| X18. X | Soeurs des Anges, priorissa | | 28/12 | 28/12 |
| X19. X | Anna Pjetursdóttir, saumakona | | 28/12 | 29/12. |
| X20. X | Þorleifur Þorleifsson, frá Stakkahlíð | | 30/12 | 30/12. |
| X21. X | Guðleif Sigurðsson (Stefánsdóttir) ekkja. | of seint | 30/12. | 31/12. |
| X22. X | Jón Þorkelsson, Dr. philos. | of seint. | 28/12. | 1/1.08 |
| +23. X | Jón Helgason, kaupmaður, Laugavegi | of seint | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 150 Kr.—
1900: 100—
1899: 90—

Ekki sinnt.

No 15/1901.— 24/12 01.—

Rvík 27. des. 1901

Jeg hef sjeð, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig 150 kr. aukaútsvar fyrir árið 1902, og hefur þannig allt í einu hækkað útsvar mitt um 50 kr. síðan í fyrra, því að þá hafði jeg 100 kr., er var meira en nóg og ofmikið í samanburði við fjölda annara gjaldenda, þótt jeg kærði það þá ekki. Nú er mjer ekki ljóst, á hvern hátt nefndin getur rjettlætt þessa hækkun, eða hvernig hún fer að færa sönnur á, hvernig atvinna mín hafi aukizt svo á þessu ári, að jeg eigi að bera þriðjungi hærra útsvar en 1901. Því, það á líklega að vera, eptir því sem jeg hef heyrt, vegna prentsmiðju þeirrar, er jeg að nafninu til hef umráð yfir. En nefndinni er sýnilega ekki kunnugt um, að jeg get ekki keppt um neina prentun, sem nokkur arður er að, t.d. bókaprentun, vegna þess að prentvjel mín er ekki nógu stór til þess. Prentverk þetta er því aðallega aðeins fyrir mig einan til að prenta blað mitt í, og getur nefndin líklega ímyndað sjer, hver stórhagur það er eða hitt þó heldur. Hingaðtil hef jeg ekki gert betur en sleppa skaðlaus, ef jeg reikna mjer prentun á blaðinu dálítið minni, en jeg mundi geta fengið annarsstaðar. Það er allur gróðinn, að jeg fæ ef til vill blaðið prentað 200 krónum (um árið + ódýrar) en ella. Og á þetta þóknast nefndinni að leggja 50–100 kr. aukaútsvar. Þetta er hin hrapaðlegasta ósanngirni, er jeg verð að telja nefndinni ósamboðna. Jeg sje, að hinni hefur þóknast að færa upp útsvar. kollega míns Bjarnar Jónssonar (ritstj.) (um einar 20 kr. (!)) svo að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann hefir aðeins 100 kr. hærra útsvar en ég með öllum þeim tekjugreinum og stöðu „fenetringsi", sem hann hefir. En ég veit frá fyrri tíð, að hann er sérstakt óskabarn nefndarinnar, og að hún tekur ekkert tillit til neins samanburðar við hann.

Ég veit ekki betur en nefndinni sé ætlað að jafna niður útsvörunum eptir „efnum og ástæðum". Hvernig getur nefndin þess mælikvarða? Það sést best þegar niðurjöfnunarskráin er lesin ofan í kjölinn. Þar er nfl. ekki sjáanlegt nokkurt „princip", sem farið er eptir. Eða hvað segja menn um aðra eins samkvæmni eins og þá að leggja á mig 150 kr. útsvar, en aðeins 120 kr. á formann(?) nefndarinnar Kristján yfirdómara Jónsson með 5000 kr. (-5300) launum minnst og 160 kr. á jafnauðugan mann, sem Björn Ólafsson augnalækni, er hefir 2000 kr. árlaun úr landsjóði og að minnsta kosti 2-3000 kr. í „praxis" á ári, enda er kunnugt, að hann leggur upp stórfé á hverju ári, eins og eðlilegt er, einhleypur maðurinn. Og hann hefir aðeins 10 kr. hærra útsvar en ég, sem hef alls og alls 2500-2900 kr. í tekjur í skjalaskriftum og baugalrotum(?) (auglýsingum, innskriptum o.s.frv.) og það hátt reiknað, en hef 7 manns í heimili. Hvernig lítur sá mælikvarði út gagnvart Birni Ólafssyni. Það er líklega einhver svo reikningsfróður í nefndinni, að hann sjái að hlutfallið $\frac{7}{1} = \frac{150}{160}$ sé ekki hárrétt, og hér er þó ekki tekið tillit til tekjumismunarins, er þó ríður meðan baggamuninn í þessu falli. Ég tek þetta aðeins til samanburðar til að sýna nefndinni fram á, hversu hún hefir ruglast í hlutföllunum eptir „efnum og ástæðum".

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg hlýt því að krefjast þess, að nefndin verði svo sann-
gjörn að kippa þessu í lag, því er henni er sýnt fram á,
að henni hafi stórum skjátlast, og hún getur það ofur-
vel með því að færa útsvar mitt niður í 100 kr. (sjálft
ofhátt í rauninni) eins og það var fyrir árið, sem nú er að
líða, en bæta 50 kr. við útsvar Bjarnar augnalæknis
Ólafssonar, svo að hann hafi 210 kr., og er það þó í raun-
inni oflágt í samanburði við mig með 100. Mér er líka
eins kært, að nefndin hækki ekki útsvar Bjarnar meira en
upp í 200 kr., en bæti 10 kr., sem þá verða afgangs við
útsvar Kristjáns yfirdómara, því að eg get ekki séð betur
en að jafnhálaunaður maður, kennari við prestaskólann
og gæzlustjóri við landsbankann í aukagetu, ætti að þola
130 kr. útsvar, og verð eg að álíta, að honum sem for-
manni(?) niðurjöfnunarnefndarinnar muni kært að
bæta við sig þessum 10 kr., því að það lítur ávalt
laglegar út, að útsvör nefndarmanna sjálfra stingi
ekki ofmjög í stúf við útsvör annara gjaldenda.
Það kunna einhverjir að hneykslast á því!
Geri eg svo ekki þetta málefni lengra, en fel nefndinni
það til íhugunar, og treysti því að hún taki kröfur
mínar til greina, svo að eg þurfi ekki að láta þetta
ganga lengra.

Virðingarfyllst

Hannes Þorsteinsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Ritstjóra Hannesar Þorsteinssonar,
Rvík.

Í Bæjarstj.: Rvíkur, 15. Jan., 1902.

No 15/1901.–

Kæru yðar, dags. 24. f.m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 150 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði lagði á yður til bæjarsjóðs fyrir yfirstandandi ár, hefi jeg lagt fyrir nefndina til athugunar og úrskurðar, og hefur hún að athuguðum öllum málavöxtum úrskurðað, að kæruna skuli eigi taka til greina, og að gjaldið skuli standa óbreytt.–

Þetta tilkynni jeg yður með þessu bréfi eptir fyrirlagi nefndarinnar, og skal jafnframt geta þess, að með því að aukaútsvör bæjarins ~~sem~~ eru nærfellt 5000 kr. hærri þetta ár en næst undanfarandi ár, varð nú að hækka gjöld bæjarbúa að mjög miklum mun, og álítur nefndin að þjer væruð einn af þeim, sem ættuð að bera nokkurn hluta af hækkuninni. Þjer hafið aukið atvinnu yðar með því að kaupa prentsmiðju, sem þjer nú rekið fyrir yðar eigin reikning. Þjer kannist sjálfur við, að þjer nú fáið blað yðar prentað með 200 ~~krónum~~ minni kostnaði en áður, og er það þá hreinn gróði yðar. En þjer getið eigi um þá miklu prentun, sem þjer takið að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hendi þeim aðra því sjálfsagða borgun.
Auk „Þjóðólfs" prentið þeir í prentsmiðju sinni „Barnablaðið", „Framsókn", „Kvennablaðið", „Skýrsling", „Plóg", og þeir hafa árið sem leið prentað „Lestrarbók Steingríms", Kvennfélagsritið, Sögurnar af Lúsifer kongi, Skólaljóð, þeir vinna fjölda af markaskrám, [illegible], grafskriftum og allskonar smá-vegis (svo sem reikningum, kvittanum, eyðublöðum allskonar o. s. frv.).
Nefndin álítur það því rjett, að leggja á þá um fram 50 kr. gjaldauka fyrir þennan mikla og arðsamlega atvinnurekstur. — Auk þess er nefndinni það kunnugt, að þeir eru vel efnaðir menn, sem leggja upp fje á hverju ári, að aðalatvinnuvegur þeirra, blaðútgáfan, er mjög arðsamleg, enda kunnugt þeir vil að telja sína sjer ekki að
um árið fái 2900 kr.; en vjer hyggjum að þær sjeu meiri, ef ekki á botninum hvolft. Heimilisástæður þeirra eru góðar; þeir eru ómagalausir menn að kalla, og verða bræður þeirra eigi taldir þeim til þyngsla, meðan hann hefur 2000 kr. ölmusustyrk, en vinnur sjer fullkomið gagn á sumrin.
Eftir þessum ástæðum kemur eigi til þess, að nefndin þurfi að hækka á öðrum gjaldendum með tilliti til hans [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald. 16,00.
1900. 16,00. lækkað um 4 kr. = 1/1901. – 12/12. 01.

Í niðurjöfnunarskrá þeirri, sem nú er framlögð, fyrir aukaútsvörin til bæjarsjóðs um næstkomandi ár, sje jeg að mjer er ætlað að greiða 16 krónur, sem reyndar er sú sama upphæð eins og á mig var lögð í fyrravetur fyrir yfirstandandi ár, en sem jeg þá ætlaði að kvarta um að mjer þætti ofmikið, en varð ofseinn að koma fram með til niðurjöfnunarnefndarinnar áður en hinn ákveðni tími væri liðinn. – Jeg leyfi mjer því nú virðingarfyllst að tjá hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd frá því, að mjer þyki ofangreint 16 króna aukaútsvar mitt fyrir næsta ár of hátt eptir mínum efnum og ástæðum, og einnig í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur, sem jeg þekki og mjer er nokkuð kunnugt um.

Viðvíkjandi efnahag mínum er það að segja að jeg á, (að frádregnum skuldum, sem á mjer hvíla,) í hæsta lagi 3 til 400 króna virði; en hefi móður mína fram að færa, sem nú er orðin heilsulaus, og þessvegna talsverður ómagi.
En jeg var í fyrravetur og verð í vetur og síðan næstkomandi 2 vetur mjer alveg arðlaus, og heimili mínu sem ómagi í 5 mánuði af hverjum þessum vetri, vegna þess að jeg á þeim tíma, samkvæmt þar um gjörðum samningi stunda skósmíðisnám hjá skósmið Guðjóni Kr. Jónssyni, án þess jeg geti vænzt neinnar borgunar fyrir vinnu mína á hinum umsamda námstíma. Þó jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nú að nafninu til sje talinn fyrir búi og verði að annast það, er jeg þó að hálfu leyti námspiltur, sem verð að kosta mig sjálfur og vinna kauplaust 5/12 parta ársins meðan hinn umsamdi 4 ára námstími stendur yfir. Vona jeg og óska að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki tillit til þess, og færi hið umrædda 16 króna aukaútsvar mitt fyrir næsta ár niður í 10 krónur.

Jeg skal ennfremur leyfa mjer að benda á aukaútsvör eptirfylgjandi manna til samanburðar við gjaldið, sem á mig hefir verið lagt.

1. Verzlunarkonsúll Jón Þorvaldsson. Á hann eru lagðar 15 krónur í aukaútsvar. Hann er víst einhleypur maður, og hefir auk konsúllauna, ýmsa kennslu á hendi, sem hann sjálfsagt fær fulla borgun fyrir.
2. Jónas Gottsveinsson, á Melstað. Á hann eru lagðar 15 krónur Hann á 1/2 húseignina, Melstað, sem er góð eign, er ómagalaus, ungur og duglegur reglumaður.
3. Jón Jónsson á Bakkabúð. Á hann eru lagðar 16 krónur. Hann er alveg ómagalaus, á gott íbúðarhús, er mikið duglegur og reglusamur maður, og almennt álitinn dável efnaður.

Jeg gæti talið miklu fleiri gjaldendur, sem jeg álít að ættu að greiða talsvert hærra gjald en jeg, en ætla að þessir nægi til að sýna að sanngjarnt sje, að í samanburði við þá sje 10 króna aukaútsvar fullhátt fyrir mig, þar sem jeg, eins og jeg nú hefi frá skýrt, svo mikinn part af ári er námspiltur, sem hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefir ef til vill áður verið ókunnugt um.

Birtingaholti í Reykjavík, 10 desember 1901.

Virðingarfyllst.

Þórður Þórðarson.

(frá Gróttu)

[illegible] sjómanns-ekkjuna [illegible], [illegible] ómagi, [illegible].

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þórður Þórðarson (frá Gróttu)
í Birtingaholti.

Í Njfn. Rvíkur, 15. Jan., 1912.

Kæru yðar, dags. 10. f. m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 16 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði lagði á yður til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, lagði ég fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og ákvað nefndin þá að athuguðum öllum málavöxtum, að færa gjaldið niður um <u>4 kr.</u>, eða ofan í 12 kr. –

Þetta tilkynnist yður hérmeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. –

No 1/1901. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 12,00.
1900: 12,00.
1899: 12,00.

fellur niður.

No 2/1901. – 12/12. 01.

Af því mjer hefur verið sagt að mjer sje gjört að gjalda í aukaútsvar 12 kr fyrir þetta ár og syni mínum Ellindi Guðmundssyni ~~20~~ 25 kr. En jeg er hanns algjörður ómagi þar sem jeg er kominn á sjötugs aldur og þar til svo heilsulaus og kreum að jeg get ekki svo mikið sem sótt mjer vatn.
Jeg leifi mjer því virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu ~~ny~~ niðurjafnaðarnefnd um að hafa mig undan þegna þessu gjaldi

Bráðræðisgarðsstíg
Steinakoti við Reykjavík 12/12 1901

Guðrún Jóns dóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Guðrúnar Jónsdóttur, Bræðra-
borgarstíg (Steinakoti).

X

Í niðurjn: Rvíkur, 15. Jan., 1912

Kæru yðar, dags. 12. f.m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 12 kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðinni aðalniðurjöfnun til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, lagði eg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ.m., og ákvað hún þá, að gjald þetta skyldi algjörlega niðurfalla, með því að þér nú að öllu leyti séuð komin til sonar yðar Erlendar Guðmundssonar, og séuð hans framfærslu-ómagi.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð fyrir hönd nefndarinnar.

№ 2/1901.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 25,00.
1900: 12,00 (hálft) No 3/1901. - 13/2.01.

Þegar jeg las Niðurjöfnunar-
skrá fyrir Reykjavíkur bæ,
fyrir yfirstandandi ár, þá
gat mjer ekki blandast
hugur um að hinni
heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd
hefði stórkostlega yfirsjest,
þar sem hún hefur á-
kveðið mjer sama auka-
útsvar og nágranna mínum
Ólafi Pjeturssyni sem
er einsog jeg parteigandi
í þilskipi en hefur það
framyfir mig að hann
á hús meðfylgjandi
roghuðuntími, að jeg ekki

Lækkað um 5 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

minnist á gjaldpol mitt á móts við hann.

Sömuleiðis hefur Helgi Björnsson sem er part-eigandi í sama skipi og jeg 15 kr sem jeg álít mjög hæfilegt að við hefðum hver fyrir sig.

Af framanskrifuðum samjöfnuði við þessa 2 menn leyfi jeg mjer að krefjast að hin heiðraða Niðurjöfnunar nefnd færi útsvar mitt niður til jafns við hinn síðar nefnda, og vona jeg að hún verði við þessum tilmælum mínum sem eru á góðum rökum byggð.

Reykjavík 12 des. 1901

Jón Jakobsson
(frá Engey)

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Jakobsson, frá Engey.

Í Bstj. Rvíkur, 15. Jan. 1902.

Kæru yðar, dags. 12. f. mán., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 25 Kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermán. gjörði yður að greiða þetta yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að athuguðum öllum málavöxtum, að færa skyldi gjald yðar niður um 5 Kr., eða ofan í 20 Kr.

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar eptir fyrirlagi nefndarinnar.

No 3/1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 15. kr.
1900: 15. kr.
1899: 15. kr.

Lækkað um 3 Kr.

# Útsvarskæra

No 4/1901. — 13/12. 01.

Eg undirritaður kæri hérmeð útsvar mitt er gjört var við síðustu niðurjöfnun Reykjavíkur að upphæð fimmtán krónur, og skal eg leyfa mér að tilfæra þær ástæður er hér segir:

Eg er mjög efnalítill maður, og atvinnu minni er þannig varið að eg get nú talið að eg hafi alls um rúmar 200 Kr. inntekt árlega. Eg hef að undanförnu helst fengist við eyrarvinnu sem eins og mönnum er kunnugt, er sú vinna einna illa er borguð að því leyti sem maður verður að sætta sig við hið alkunna vöruverð kaupmannana.

Ástæður mínar eru að öðru leyti þannig að eg verð að hjálpa foreldrum mínum, báðum fjörgömlum og ófærum til vinnu sem örögum, auk þess varð eg fyrir talsverðum atvinnumissir síðast liðið sumar sakir veikinda. Eg get ómögulega skilið því hvernig hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefur getað lagt á mig svo mikla upphæð. Eg hlýt að álíta að hún hafi alls ekki þekkt efni mín og hagi eins og þeir eru.

Til samanburðar gæti eg tekið hvern helst Reykjavíkurbúa. Eg er sannfærður um að enginn einasti gjaldandi bæjarins hefur orðið fyrir eins háu útsvari tiltölulega sem eg. Til samanburðar leyfi eg mér að nefna Jón Jónsson frá Hafnarfirði verslunarmann og Odd Arnórsson í Höfn sem báðir hafa talsvert lægra gjald en eg, en hafa þó mikið betri atvinnu hvor í sinn lagi.

Og fleiri mætti tilnefna og það af þeim sem ekki þurfa að vera að krjúpa á knjánum á klakanum til þess að fá að kögna sér inn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eina og eina krónu. Hvernig getur nú nefndin forsvarað fyrir sjálfri sér að leggja svona þungt gjald á mig.

Af þessu leyfi eg mér hér með að krefjast þess að útsvar mitt verði að minnsta kosti fært niður um helmning ~~að minnsta kosti~~. það er það mesta er getur komið til greina að eg borgi. Vilji nefndin ekki sinna máli mínu neyðist eg til að leggja gjörðir hennar undir æðri dóm.

Reykjavík 12. des. 1901

Virðingarfyllst.

Björn Hieronymusarson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Björn Hieronýmusson,
lausamaður, Rvík.

B. f. R. Rvíkur, 15. Jan., 1902.

Kæru yðar dags. 12. f. mán., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 15 Kr., er niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði álagði yður fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá að færa gjaldið niður um <u>3 Kr.</u>, eða ofan í 12 Kr., einkanlega með tilliti til þess, að þjer styrkið foreldra yðar fjörgamla, eins og yður ber skylda til. –

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar. –

Nr. 4/1901. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 20,00. Tellenburt No 5/1907. – 14/12. 06.
1900: 20,00.
1899: 20,00.

Á niðurjöfnunarskrá þeirri, sem nú liggur frammi til sýnis, sje jeg að mjer er ætlað að greiða 20 krónur í auka-útsvar til bæjarsjóðs, eins og verið hefir um nokkur ár að undanförnu. En nú stendur öðruvísi á högum mínum en verið hefir, og það hefir hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd sjálfsagt verið ókunnugt um þegar hún lagði þetta gjald á mig í þetta sinn. – Vegna heilsuleysis míns og krumleika hætti jeg algjörlega við búskap í haust, og fór ásamt konu minni, sem einnig er orðin mjög heilsulin og máttfarin, til sonar okkar, Björns Hallgrímssonar skipstjóra, og afhentum við honum alla búslóð okkar og eigur, gegn því að hann framvegis ali önn fyrir okkur að öllu leyti eptir því, sem hann hefir krapta til. Erum við því nú eigi lengur sjálfráð, heldur algjörlega hjá nefndum syni okkar, sem skylduómagar. Sjerstaklega er jeg sjálfur fullkominn ómagi hans, vegna þess að jeg, sökum heilsuleysis míns, ekkert get unnið sem neitt gagn er að, en um konu mína má reyndar segja að hún enn vinni fyrir fæði, af því að hún, þó með veikum mætti sje, hefir á hendi þjónustu og matreiðslu á heimili þessa sonar okkar. Af ofangreindum ástæðum leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, og vona hún fallizt á, að ofangreint 20 króna aukaútsvar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mitt fyrir næstkomandi ár verði látið algjörlega niður falla, og nemast burt af gjaldaskránni. —

Til sönnunar heilsulasleika mínum leyfi jeg mjer hjer með að láta fylgja vottorð frá herra lækni Chr. Schierbeck í Reykjavík.

Litla-Steinsholti í Reykjavík 13 des. 1901.

Virðingarfyllst.

Hallgrímur Eiríksson.

Fellur burt

Björn Hallgrímsson, steinsmiður, Litla-Steinsholti lækkaði um 10 kr. (úr 30 kr. í 40 kr.).

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

×

Hallgrimur Eiriksson 62 Aar gammel.

er af mig behandlet for Bronchitis, Lungeemphysem og Udvidelse af Hjærtet. Ligeledes er han i ikke ringe Grad angrebet af Nervebetændelser med Rheumatisme.

Jeg skönner ikke bedre end at han ikke bör påtage sig hårdt Arbejde i fri Luft. Han gör på mig, efter omhyggelig Undersögelse 4. Juli 1901. Indtryk af at være hvad vi på dansk kalder „udslidt". —

Han trænger til Hvile, Ro og fornuftig Levemåde. —

Chr. Schierbeck
prakt. Læge.

Reykjavik 6. December 1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Hallgrími Eiríkssyni, Litla-Steins-holti.

1\. Kæru yðar, dags. 13. f. mán., yfir aukaútsvari því, að upphæð 20 Kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar hinn 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin það, að gjald yðar ~~skyldi~~ skuli falla ~~burtu~~ burtu, með því að þér eruð hættur búskap, og kominn í dvöl til sonar yðar, Björns skipstjóra. —

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar. —

Í Njn. Rvíkur, 15. Jan., 1902.

2\.

Herra skipstjóri Björn Hallgrímsson, í Litla-Steinsholti

Með því að niðurjöfnunarnefndinni hefir verið tjáð það, að faðir yðar Hallgrímur Eiríksson sje kominn í dvöl til yðar, og að hann hafi afhent yður allt fje sitt, hefir nefndin fellt burtu gjald það til sveitar, sem hún lagði á hann í síðastl. nóvembermán., að upphæð 20 Kr., en jafnframt hefir hún hækkað aukaútsvar yðar fyrir yfirstandandi ár um 10 krónur, eða úr 30 Kr. upp í 40 Kr. með tilliti til fjárauka þess og væntanlegs tekju-auka, sem þjer hafið þannig fengið. — Þetta gefst yður hjermeð til vitundar. —

Í Njn. Rvíkur, 15. Jan. 1902

No 5/1901. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 50,00. lækkað um 20 kr. (ofan í 30 kr.) № 6/1901. 14/12. 01.

Hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hjer í bænum hefir jafnað á mig aukaútsvari til bæjarþarfa að upphæð 50 kr. fyrir næsta ár. Með því að mjer virðist útsvar þetta allt of hátt, eftir efnahag mínum, skal jeg leyfa mjer að kæra yfir niðurjöfnunninni, enda er jeg í engum efa um, að þetta kemur aðeins af ókunnugleik nefndarinnar, um ástæður mínar, sem jeg hjermeð skal gefa nefndinni skýrslu um, svo sanna og rjetta sem jeg bezt veit.

Eigur mínar eru þessar: um 40 ℔ að fornu mati í jarðeign, er gefa af sjer um 200 kr. á ári í afgjald, ennfremur á jeg Lausafje: 12 hross 1 kú, 1 setrung og 8 sauðkindur, og lítið eitt af innanstokksmunum, aðra búslóð mína seldi jeg í sumar og haust, og gekk andvirði hennar uppí skuldir, að öðru en því að afgangs urðu um 400 kr. sem gengu til að festa kaup á litlu húsi hjer í bænum, svo á jeg enn

skuldir mínar eru nú um 2600 kr. í húsinu í Lindargötu (við 3000 kr.), og 500–600 kr. til annara.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nokkra matbjörg til vetrarins.

Að vísu höfum við hjónin ekki fyrir öðrum að sjá, en okkur sjálfum og dóttur okkar 9 ára gamalli og konarsyni mínum á öðru ári, en kona mín er veik, svo hún þolir ekkert á sig að reyna, því komust við eigi hjer af án vinnukonu. Sjálfur er jeg, sem er 66 ára að aldri orðinn ófær til allrar stritvinnu. Ívetur er jeg og verð án allsefa með öllu atvinnulaus, og á sumrin, er valt að treysta á að fá atvinnu, þá atvinnu er mjer hentar.

Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst að fara þess á leit, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd, taki niðurjöfnun þessa á ný til íhugunar, og lækki hana svo sem hæfilegt þykir.

Reykjavík 14 desbr. 1901.
virðingarfyllst
Jón Sigurðsson frá Syðri Mó[...]

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaup[...]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Sigurðsson,
frá Syðsta-Mörk.
Lindargötu, Rvík.-

Kæru yðar, dags. 14. þ. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 50 Kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að taka upplýsingar þær, er þjer nú hafið gefið nefndinni, til greina, og að færa gjald yðar niður um <u>20 Kr.</u>, eða ofan í 30 krónur.

Þetta tilkynnist yður hjer-með eptir beiðni nefndarinnar.

No 6/1901.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 40,00.
1900: 35,00
1899: 35,00

N° 7/1901. – 16/12. 01.

Til ~~bæarstjórnarinnar~~ Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

**Lækkað um 5 kr.**

Hjermeð vildi jeg leifa mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu stjórn bæarins að aukaútsvar það er mjer nú er gjört að greiða verði fært niður þannig að það sje eigi hærra en síðast liðið ár að minstakosti, því meira gét jeg naumast borgað, hef eigi ástæður til þess.

Í annan stað finst mjer mjög ósanngjarnt að láta mig borga jafnt eða meira en nedanskráða menn

| | |
|---|---|
| Jafet Olafson | Jafet Sigurðson |
| Kristján Ó Kristjánson | Guðm. Kr. Olafson |
| Jón Olafson | Hannes Hafliðason |
| Arni Hannesson | Jón Pétursson |
| Stefán Pálson | Þórarinn Guðmundsson |

Skipstjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem allir hafa sömu atvinnu og jeg
en sumir meiri laun, sumir 1 og
sumir engan ómaga en jeg 3 —
Af öllu þessu athuguðu vona jeg
að hin heiðraða bæarstjórn verði
svo sannsýn að taka þessa um-
kvörtun mína til greina

Reykjavik 14/12 – 1901

Virðingarfyllst

Ellert K. Schram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra skipstjóri Ellert K. Schram.
Rvík.

X

Í N.jfn.: Rvíkur, 15. Jan., 1902.

Kæru yðar, dags. 14. þ.m., yfir auka-útsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 40 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða þetta fyri-standandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ.m., og úrskurðaði nefndin þá, [eptir upplýsingum, sem hún síðar hafði fengið,] að færa gjaldið niður um <u>5 kr.</u>, eða ofan í 35 kr., eins og það var í fyrra.-

Þetta tilkynnist yður hjer-með eptir fyrirlagi nefndarinnar.

No 7/1901.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gold: 22.00. Ekki sinnt. 1907: 18.00. 1899: 18.00.   4/8 1907. – 18/12. 07.

Af því að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir á niðurjöfnunarskrá yfir aukaútsvör fyrir næstkomandi ár ákveðið að jeg skuli greiða 22 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs í staðinn fyrir 18 krónur, sem jeg átti að greiða þetta útlíðandi ár, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tjá hinni háttvirtu nefnd frá því að mjer þykir þessi útsvarshækkun eigi sanngjörn, vegna þess að jeg, því miður, tókst á hendur aukalögregluþjónsstörf í Reykjavík síðastliðið vor og sumar, og hefi þannig með aukavörzlunni meðtaldri haft að eins 600 krónur í tekjur eða árslaun þetta ár, án þess að jeg allra sízt að vorinu eða sumrinu til hafi getað aukreitis unnið mjer neitt inn. Eru því fjárhagslegir hagir mínir nú þrengri en áður, og þar af leiðandi fremur ástæða til að lækka aukaútsvar mitt en hækka frá því sem verið hefir. Til samanburðar skal jeg leyfa mjer að nefna Guðmund Matthíasson verzlunarþjón við Thomsensverzlun. Heimilisástæður okkar eru svo mjög svo líkar; við eigum hvor fyrir sig 1 barn á ómagaaldri og allt fólkshald okkar er að öðru leiti líkt. En hann hefir sjálfsagt 8–9 hundruð króna árslaun við Thomsensverzlun og þannig 2–300 króna hærri laun eða tekjur, en jeg hefi haft þetta ár; en á hann eru lagðar að eins 12 krónur í aukaútsvar. Mjer finnst að sanngjarnara og eðlilegra hefði verið að þessi umrædda aukaútsvarshækkun mín

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði lent á nefndum Guðmundi Matthíassyni en ekki mjer, ef hún annars eiginlega hefði þurft að eiga sjer stað á öðrumhvorum okkar.

Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer að óska og vona að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi þetta 22 króna aukaútsvar mitt að minnsta kosti niður í 18 krónur, eins og það var síðastliðið ár.

Reykjavík, 16. desember 1901.
Virðingarfyllst.

Pjetur Þórðarson
Aukanæturvörður

600 Kr. Kaup .. þangað til í marz,
eptir það hættir hann störfum
sem aukanæturvörður, líkl.
þá meiri tekjur. —
bátasmiður, aukaatvinna
gjörir kringumstæður.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra auka-næturvörður Pjetur Þórðarson, Rvík.

Í Nj.n. Rvíkur, 15. Jan. 1912.

Kæru yðar, dags. 16. f.mán., yfir auka-útsvari því, að upphæð 22 Kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermán., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ.m., og úrskurðaði nefndin þá, að athuguðum öllum málavöxtum, að kæra ~~yðar~~ yðar gæti eigi komið til greina, og að auka-útsvarið skyldi standa óbreytt.—

Um leið og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg geta þess, að árstekjur bæjarmanna hækkuðu um [í nærfellt] 5000 Kr. þetta árið frá því sem þær voru í fyrra, og varð því hækkun útsvaranna að koma fram. Með tilliti til þess var gjald yðar hækkað um einar 4 Kr., með því að kringumstæðum yðar álitust fremur góðar, því hefið litla ómegð (að eins 1 barn), góða atvinnu sem bátasmiður, og fjárhagur yðar telst í góðu lagi. Þar sem því ætlið að sleppa aukanæturvarðarstarfinu í vor, sem gefið hefur yður í tekjur um árið 600 Kr., bjóst nefndin við, að því muni eigi breyta til hins lakara, og að því muni eigi efla yður minna [en fyrri] með annari atvinnu yðar (smíðum o. sv. frv.), heldur að öllum líkindum meira.

Þetta tilkynni eg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar.—

No 8/1901.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 22,00
1900: 22,00
1899: 22,00

Lækkað um 4 kr.

№ 9/1901. – 21/12. 01. –

Heiðruð niðurjöfnunarnefnd hjer í Reykjavík, hefur í útsvarsskránni fyrir næstkomandi ár, álitetað að auka útsvar mitt sje að upphæð 22 Krónur, (en síðastliðið ár var útsvarið hjá mjer sama upphæð.)
Að heiðruð nefnd hefur komist að þessari niðurstöðu, (nefnl. að hafa útsvarið eins í þetta sinn) ligg jeg að komi af því, að nefndinni hafi verið ókunnugt um, að eigur mínar hafa á ári því sem nú er að líða gengið til þurðar um 3/8. parta, sem orsakaðist af skiftum á búi mínu og fyrri konu minnar, og geti niðurjöfnunarnefndin fengið skírtur þarað lútandi hjá Bæjarfógetanum.
Í öðru lagi skal jeg leifa mjer að benda hinni heiðruðu nefnd á, að jeg er orðinn 53. ára gamall, og get ekki leitað mjer annarar atvinnu en sjóróðra á opnum bát, aðeins að vorinu og sumrinu til, því þilskipa sjómensku treisti jeg mjer ekki til að bera á hjeðan af.
Af framangreindum ástæðum eru því tilmæli mín, að útsvar mitt sje lækkað um 10. Krónur, og treisti jeg hinni heiðruðu nefnd til að sjá, að öll sanngirni mæli með því að taka þau til greina.

Reykjavík 20 desember 1901

Virðingarfyllst.

Niels Pálsson

að Nýlendugötu 17

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Nikl. Pálsson, frá Laugholti
Nýlendugötu 17.

Í Bæjarstjórn Reykjavíkur, 15. Jan. 1902.

Kæru yðar, dags. 20. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 22 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fram í nefndinni á fundi hennar 4. þ. m.; og úrskurðaði nefndin þá að færa gjaldið niður um 4 kr. eða ofan í 18 kr., einkanlega með tilliti til þess, að þjer séuð farinn all-mjög að eldast, og að þjer hafið orðið að sleppa nokkrum hluta fjár yðar áður sína leið.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar.—

No 9/1901.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 12,00. Nr. 10/1901. 21/12. 01.

Reykjavík 15 - 12 - 1901

Ekki sinnt.

Hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur ákveðið að undirritaður skyldi borga 12 kr. í aukaútsvar 1902. Ég leyfi mér að fara fram á að ég sé ekki látinn gjalda neitt aukaútsvar vegna þess að ég er nemandi á læknaskólanum hér og hef ekki aðrar fastar tekjur en 100 kr. fyrir gæzlu á náttúrugripasafninu; hef ég og eigi borgað til bæjar undanfarin ár. Tekjur mínar árið 1902 verða auk þess sem talið er ekki aðrar en afgangur sá sem kann að verða af dönsku-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]styrk sem ég fæ næsta ár, og ekki getur farið fram úr 300 kr., ennfremur námsstyrkinn þá, sem ég kann að fá á læknaskólanum á þessu ári.

Ef svo ólíklega fer, að nefndin telur sanngjarnt að leggja skatt á þessar mjög svo ónógu tekjur, leyfi ég mér að fara fram á, að útsvarið sé lækkað niður í 2 kr. (úr 12 kr.)

virðingarfyllst

Helgi Pjetursson
cand. mag., stud. med.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar

1901 – 500 kr. Schillings legat.
1902 – 1000 Carlsbergsjóð
1903 – { 1000 do.
{ 1000. Landsjóður

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra cand. mag. Helgi Pjetursson,
Rvík.

Dags. Rv., 15. Jan., 1902.

No 10/1901. –

Kæru yðar, dags. 15. f.m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 12 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða til bæjarsjóðs fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ.m., og úrskurðaði nefndin það, að eptir atvikum öllum málavöxtum, að kæra yðar yrði ekki tekin til greina, og að gjaldið skyldi standa óbreytt. –

Um leið og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg geta þess, að nefndinni þótti eigi mega sleppa yður við að greiða auka-útsvar, þótt þjer sjeuð nemandi á Hafnar-háskólanum, með því að þjer hafið all-verulegar sjálfstæðar tekjur, svo sem 400 kr. úr náttúrugripa-safnið, 1000 kr. af Carls-~~hag~~-sjóðnum, og að sjálfsögðu hinn árlega styrk (800 kr.), og líklega einhvern námsstyrk á Hafnar-háskólanum. Árið sem leið ~~[illegible]~~ munið þjer hafa fengið "legat" að upphæð 500 kr., og næsta ár (1903) eigið þjer von á 1000 kr. ~~styrk~~ styrk úr landsjóði. Vjer hyggjum því að fjárhagslegar ástæður yðar muni vera góðar, og að peningatekjur yðar fyrir yfirstandandi ár muni eigi verða undir 1200 kr., og telur nefndin [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12 kr. gjald eigi of hátt framgjörn.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú: 750,00.–
1900: 550,00.–
1899: 550,00.–

No 11 / 1901 · 22/12.01.

Ekki einsk.

Reykjavík 22. desbr. 1901.

Hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hefir í ár þóknast að hækka aukaútsvar mitt um 200 kr. frá því, sem það hefir verið hæst áður. Þar sem jeg nú eigi fæ skilið að rjett sje og sanngjarnt að jeg beri svo þungt útsvar og eigi heldur fæ sjeð hvaða ástæðu nefndin hefir til svo gífurlegrar hækkunar á útsvari mínu, hlýt jeg að kvarta.

Það er álit mitt að fremur hefði verið ástæða til að lækka útsvar á mjer í ár en hækka.

Undanfarin ár hefi jeg greitt í aukaútsvar milli 400 og 500 kr. árlega, en í fyrra var útsvar mitt hækkað uppí 550 kr. Þó jeg furðaði mig á þessari hækkun í fyrra og gæti eigi sjeð annað en að hún væri ástæðulaus, ekki síst þegar litið var til þess, að hin nýju lög um verzlun og veitingar áfengra drykkja einmitt um sama leyti lögðu mjög tilfinnanlegan skatt á atvinnu þá, sem jeg rek, þagði jeg samt, því jeg ætlaði mjer eigi að kæra undan útsvari mínu fyr en í síðustu lög. En þar sem nefndin enn í ár hefir hækkað útsvar mitt um 200 kr. eða uppí 750 kr. get jeg eigi þagað lengur.

Eptir því sem jeg kemst næst, eru hinar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árlegu tekjur mínar, að frádregnum kostnaði við rekstur atvinnu mínnar ca. 5650 Kr., =gróða—

og jeg hlýt að halda því fram, að í samanburði við marga af meðborgurum mínum er mjer gjört að greiða mikils til of hátt aukaútsvar. Jeg skal til dæmis nefna þá kaupmann Th. Thorsteinsson og M. Lund lyfsala. Jeg get ekki ímyndað mjer að nokkur álíti efni og ástæður þessara manna verri en mínar, að líkindum eru ástæður þeirra og efni mun betri en mín, en báðir þessir menn hafa miklu minna útsvar en jeg, hinn fyrnefndi 600 Kr. og hinn síðarnefndi aðeins 400 Kr.

Hvað ástæður mínar að öðru leyti snertir skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að jeg í ár eins og kunnugt er hefi lagt mikinn kostnað í húsabyggingar, þar sem jeg hefi látið byggja nýtt gistihús og breyta hinu gamla. Hið nýja gistihús hefir kostað mig ca. 40.000 kr., og þess ber vel að gæta, að þetta fje hefir verið mjer með öllu arðlaust síðastliðið ár og verður mjer arðlaust fram eptir næsta ári að minnsta kosti; sömuleiðis ber að taka tillit til þess, að hið gamla gistihús mitt kom mjer ekki að fullum notum á síðastliðnu sumri sökum áðurnefndrar breytingar sem verið var að gjöra á því. Allt þetta gjörir að verkum að ástæður mínar sem stendur eru ekki eins góðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins og undanfarin ár. Mjer virðist því með öllu ástæðulaust að hækka útsvar mitt. Að vísu má segja, að útsvar mitt hljóti samt sem áður að hækka, þarsem jafna átti niður ca. 5000 Kr. meir en síðasta ár, en það getur þó ekki náð neinni átt, að láta mig einan af yfir 1200 gjaldendum greiða 1/25 hluta af nefndum 5000 Kr.

Með skírskotun til alls sem jeg hefi tekið fram hjer að ofan skal jeg virðingarfyllst leyfa mjer að fara fram á að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur mætti þóknast að færa útsvar mitt niður í 550 Kr. eins og í fyrra, eða að minnsta kosti færa það niður að mun.

Virðingarfyllst

J. Hallberg.

ekki lagt á Júlíus
svo gott sem einn um hituna.
afgangurinn = gróði; —

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra hotelhaldari J. G. Halberg.
Rvík.

Í bæjarstj. Reykjav., 15. Jan., 1902.

No 11/1901.

Hans Yðar, dags. 22. f. m., eptir auka-
útsvars ~~frá~~ því, að upphæð 750 Kr.,
sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðn-
um nóvembermánuði gjörði yður að
greiða til bæjarþarfa yfirstand-
andi ár, lagði jeg fyrir nefndina á
fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði
hún þá, eptir að hafa athugað alla
málavöxtu að hæra yðar gæti eigi tek-
ist til greina, og að gjaldið skuli
standa óbreytt. –

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta
eptir beiðni nefndarinnar, skal
jeg taka það fram, að ársarðsupphæðin
er þetta ár nærfellt 5000 Kr. hærri en
árið sem leið; og hlaut því gjöld að
hækka á bæjarbúum þeim, sem lík-
legastir eru til að geta borið þessa miklu
byrði; þjer voruð taldir einir meðal
þeirra. Nefndinni blandast eigi hugur um það,
að atvinnuvegur yðar, bæði ~~veitingahúsin~~
veitingarnar og verzlunin (úti í húsinu),
eru mjög ábatasamir; því verð að telja
má einsætt hiklaust, að því er einveit-
ingar snerti hjer í bænum; þjer hafið
enga ómegð, og nefndin leggur sjerstakl.
útsvar á mann þann, sem stendur
fyrir veitingunum með yður (Július
Jörgensen) [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

maður, og á því reki; að hann ætti að
bera útsvar.. Þar sem þeir í bygðir
[hvar árlega] yfir-telja, tekjurnar ~~af~~ af steinmarkverki
yfir að <u>frádregnum kostnaði</u> c. 5650 kr.,
þá verður nefndin að skilja það svo
að þetta sé ~~hinn minnsti hreini~~
<u>hreinn</u> <u>árs-gróði</u>; og að hann sé
eigi minni en þetta, og virðist
henni þá gjald yfir [alls] eigi verða talið
of hátt í samanburði við hverir
sem er af gjaldendum þessa bæjar,
því að engum mun hafa jafn-
stöðuga, áreiðanlega og áhættu-
lausa verslun eins og þeir. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

maður, og á því reiki; að hann ætti að
bera útsvar.. þar sem þjer í bjefi
yðar teljið, [hreinar árlega] ~~tekjurnar~~ af steinsmiðjunni
yfir að *frádregnum kostnaði* c. 5650 kr.,
þá verður nefndin að skilja það svo
að þetta sje ~~hinn mennta hreini~~
*hreinn* *árs-gróði*; og að hann sje
eigi minni en þetta, og virðist
henni þá gjald yðar [alls] eigi verða talið
of hátt í samanburði við hvern
sem er af gjaldendum þessa bæjar,
því að enginn mun hafa jafn-
stöðuga, áreiðanlega og áhættu-
lausa verzlun eins og þjer. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mót. 1. jan. 1902.

# Útsvarskæra.

Gjald: 40 Kr. No. 23 1901.

Ekki sinnt.

Eftir að jeg hafði móttekið útsvarsseðil minn þ. 24 þ. m. sá jeg að hin heiðraða niðurjöfnun hefir farið nokkuð fljótfærnislega eða ókunnuglega í sakirnar, er hún jafnar niður á mig, 40 kr. í aukaútsvar fyrir næstkomandi ár. Til sönnunar og skýringar skal jeg benda á nokkur dæmi þessu viðkomandi:—

Þegar kringumstæður mínar á síðastl. vori þrengdu mér til að setjast hér að — en það voru veikindi konu minnar — vissi jeg það vel, að Reykjavík myndi ekki fremur en hver annar blettur landsins fullnægja hinum nauðsynlegu þörfum sjálfs míns, og þeirra sem jeg hafði fyrir að sjá, nema að jeg væri starfandi maður. — — — Jeg hafði lagt fyrir mig verzlunarstörf. Og að fá það pláss er gæti verið við mitt hæfi, var als ekki laust. Enda öllum kunnugt hversu mikið kepti er um þá stöðu.

Að ganga iðjulaus þoldi jeg ekki — fjárhagslega skoðað — enda er slíkt drepandi fyrir sérhvern mann — Að komast í kynni við einhverja góðhjartaða valds- eða þingmenn, og reyna með tilstyrk þeirra, að snikja mér út lífsbrauð af almannafé fyrirleit jeg í fyllsta máta. Þótt til þess hefði máski fundist vegur. Það var því ekki um annað að velja fyrir mér, en byrja að verzla upp á eigin reikning.

Þegar jeg hafði svo rekið þessa atvinnu í 48 daga kom strax útsvarsseðill að upphæð 12 Kr., með þeirri áskrift fram yfir hið prentaða greiðist „nú þegar". — Ekki átti nú að gefa eftir eða vera of miskunsamur við frumbýlinginn. — Þótt góðsemin stígi nú ekki hærra en þetta, samfara því að þetta var gjört þvert ofaní lög, var jeg samt auðsveipur — sem „lambið" forðum — og bjóst við meiri sanngirni seinna. Borgaði því umtölulaust. Þrátt fyrir það þótt jeg vissi að fleiri hefðu flutt hingað til Rvíkur og stundað sömu atvinnu og jeg, en sem sýnilega var farið mikið vægara með. — Enn nú keyrir alveg fram úr öllu hófi þegar farið er að leggja útsvörin á fyrir n. k. ár.

Þessu til sönnunar skal hér tilfært eftirfarandi:

Maður að nafni Sig. Björnsson tengdasonur hins ríka manns Sigurjóns á Laxamýri kemur hingað í Maí mán. og kaupir húseign ~~fyrir~~ sem virt er á c. 14.000 Kr. Og hefir maður fyllsta rétt til að álíta að sú eign gefi af sér 1300 Kr. ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lítið er til þess, að þetta er bæði verzlunar hús á góðum stað og þar að auki með afar mörgum herbergjum og allt útbygt. Þessum manni er ekkert útsvar gjört á aukaniðurjöfnun í sumar, og aðeins 40 Kr f. næstk. ár.

Annar byrjar að verzla í maí mán. Guðm. Magnússon frá Bíldsfelli; alveg á sama svæði og Þ., og með sömu vörutegundir, nema hvað hann hafði kjötverzl. í haust fram yfir mig. Þar að auki er hann af ríkum kominn og sagður vel við efni; með því hann á steinhús hér í bænum, og er að byggja timburhús á öðrum stað. Þessum manni er gjört 25 Kr útsvar í ár, og ekkert hækkað fyrir n.k. ár.

Þriðji Björn Þórðarson í Aðalstr. 6 byrjar verzlun hér í april og hefir þegar verzlað hér á 8 mán. Þegar niðurjöfn. gjörir honum 15 Kr. útsvar á aukaniðurjöfnun í sumar, og 30 Kr. fyrir n.k. ár. Þessi maður er í mikið betri stað en ég, og gjörir stærri umsetningu. Hefir fyrir engum ómaga að sjá, og er álitinn í góðum efnum. Samt álít ég þetta fullnóg af honum sem byrjanda. En því er fljótt séð, að það eru ólíkt vegin kjör en á mér.

Fjórði Egill Egilsson hefir verið verzlunarm. undanfarandi ár en ~~byrjaði~~ að verzla í sumar með skótau og fl. er að því laut, og síðar með alskonar nauðsynja vörur, þessi maður er látinn sleppa alveg útsvars frí, fyrir yfirstandandi ár, og sömuleiðis fyrir hið næstkomanda. Eftir því sem séð verður af niðurjöfnunarskránni þegar ég leit á hana í dag. Þetta er því, það ég til veit, einhleypur maður, sem vel gæti létt undir byrðina með hinum, þótt ekki væri í stórum stíl. En þegar nákvæmnin eða sanngirnin er ekki á hærra stigi en þetta, þá er engin furða þótt gjöldin komi ójafnt niður.

Eftir því sem komist verður næst sýnist niðurjöfn. hafa gjört sér það helzt að markmiði, að hækka á kaupmönnum og verzlunarþjónum. Ennfremur á þilskipaeigendum. Þó virðist þetta ekki vera algildur mælikvarði; einkum ef þeir eiga sjálfir í hlut, eða hlut að máli sem í niðurjöfnunarnefndinni sitja, og má benda á timburverzlunina í Vonarstræti; og einnig á Hannes Hafliðason sem hefir mjakað sínu gjaldi til fátækra upp um 5 Kr. enn hann gat byggt upp hús í ár, og keypt þilskip fyrir 4000 Krónur [sjá Fjallk. 24. þ.m.] þótt hann gæti ekki látið meira að mörkum við fátæklingana.

Hvað kaupm. snertir í þessu tilliti má benda á þá Jón Eyjólfsson og Pétur Jónsson sem báðir eiga arðberandi eignir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

launin og vel við efni; á þeim er ekki hækkað um einn eyri. Hverjir eru ástæður fyrir því? Að ógleymdum Mr. Guðm. Guðmundssyni bæjarfógeta skrifara, sem mun hafa í föst laun á annað þúsund krónur fyrir aðeins 6½–7½ kl. tíma á dag, og enginn veit hvað miklar aukatekjur. (Aðeins get ég gefið þær upplýsingar að ég hef borgað honum 50 aur. fyrir að skrifa nafnið sitt, er mun hafa tekið 5 sekúndur, og var það þó í hinum ákveðna kontórs tíma) – Þar að auki hefir þessi sami maður verzlun fyrir eiginreikning, á stórum eignum, sem er fáanleg fyrir 6–8 þúsund krónur – Á þessum manni hefir aðeins verið hækkað útsvarið um 5 krónur. En á mér um 28. krónur – Hverjar eru ástæðurnar, heiðraða niðurjöfnunarnefnd? – Sama mætti segja um hr. Kaupm. Kr. Ó. Þorgrímsson. Hann hefir alveg sama útsvar og í fyrra, þó á þessi maður stórum eignum. Hefir góða verzlun, sem er mjög kostnaðarlítið að rekja yfir árið. Þar að auki er þetta líka maður í leikara íþróttinni; svo valla mun nú nokkurt leikrit sýnt á leiksviði svo hann sé þar ekki viðriðinn, og rakar hann saman peningum ~~fyrir~~ það, bæði á hátíðum og helgidögum fyrir þá sýn, ~~sem~~ naumast mun vera fyrir neðan 6 Kr. pr. kveld, og sjá allir hvort það er ekki fallegt búsílag. Þar að auki má einnig nefna á málafærslu störfin sem hann mun hafa einna mest álýst á sér fyrir framúrskarandi dugnað. Og enginn mun efast um það, að þeir peningar eru drjúgir, er drjúpa honum fyrir það starf.

Með þessum fáu línum hef ég bent á, hvaða kjörum ég hef mátt sæta í samræmi við aðra borgara bæjarins, hjá hinni heiðruðu niðurjöfn. Og þá er flestum ljóst, af þeim sem í henni sitja, að ég er einn af þeim sem er nýbyrjaður á að verzla hér, – Ég skal engar getur gjöra mér um það, hvers verzlunarfróðir þeir kunna að vera sumir hverjir. – En þá skynsemi ætla ég þeim að hafa, fyrst þeir annars eru valdir til þessa starfa, að ég ætla þeim að geta séð, að þeir sem byrja að verzla hér í Rvík standa als ekki vel að vígi – ef þeir hafa lítið fé til að byrja með – Þar sem samkeppni er á allar hliðar, og það af gömlum ríkum verzlunarhúsum. Hinir nýju kaupm. verða því að selja vörur sínar með mikið minni ágóða, en gömlu föstu verzlanirnar. Og auk þess verja miklum peningum til auglýsinga fyrstu árin samfara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ýmsum kostnaði og óþægindum sem stafar af því að þeir eru í öðrum héraði.

Af þeim ástæðum sem jeg hef þegar tilfært leyfi jeg mér að krefjast þess að útsvar mitt verði fært niður í 24 Kr. Eða, verði 100 % hærra en næstliðið ár. — Það skal jeg borga góðfúslega því jeg veit að þeim sem harðast hafa orðið úti hjá niðurjöfnunarn. hefir verið lagt það á herðar, [eins og Björn Þórðarson kaupm. hefir orðið fyrir]. En að hlýta því að mitt aukaútsvar sé hækkað um 233% get ekki séð að byggist á nokkurri samgirni. Og því fremur þegar litið er til þess, að þarfir bæjarfélagsins hafa aukist um aðeins ca 15%.

Komi það fyrir að hin heiðraða niðurjöfnun taki ekki orð mín til greina krefst jeg þess, að hún hækki á öllum gjaldendum í verzlunarstöðunni um jafn mörg „Pro Cento“ og hún hefir hækkað á mér. Og sýni jafnframt á hverju hún byggir rétt sinn.

\+ Mtt. 1. jan. 1902. —

Reykjavík + 28 dec 1901.

Með virðingu

J. M. Helgason

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra kaupmaður Jón Helgason,
Laugavegi.

Í NJN. Rvíkur, 15. Jan. 1902.

Kæru yðar, dags: 28. f. mán:, en meðtekna 1. þ. mán., yfir aukaútsvari því, að upphæð 60 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá, að eigi skyldi sinna kærunni, með því að hún hefði eigi verið borin fram í tæka tíð, en kæran átti að vera komin til nefndarinnar í síðasta lagi 29. f. m. –

Þetta tilkynnist yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. –

No 23/1901. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(of seint) Gjald – Kr 80,00.
1900 – 65,00.
1899 – 40,00.

№ 22/1907. – 31/12 07. –

Eg hefi feingið fulla vissu fyrir því að niðurjöfnunarnefnd þessa sveitarfélags hefir hækkað útsvar á mér nú síðast um 15 kr. úr 65 kr. uppí 80 kr., og sýnist mér það óvænt horfa, því að mér þykir ekki sýnt hvar það muni enda, sé svo í gráð og áfergju hækkað ár frá ári, því að árið þar á undan, var útsvar á mér hækkað um 25 kr., úr 40 kr. uppí 65 kr.; er það hægur vandi að leggja svo á í þaula hindarlaust eftir ágizkan einni, svo sem hér er gert, og oft hlýtur að vera. Að eg ekki bar mig uppi þessa kom ekki til af því, að útsvarið væri ekki of hátt í raun og veru, heldur af hinu að eg vildi ekki kvarta fyrri en í fulla hnefana, enda athugaði eigi að kæra fyrri en orðið var um seinan. En þegar eg sé að þessum hækkunum á að halda áfram viðstöðulaust ár frá ári, hlýt eg nú að bera mig upp undan því, hvort sem það er orðið of seint eða ekki. Niðurjöfnunarnefndin hefir auðsjáanlega tekið vel eftir því, að eg muni hafa 2800 kr.
X í árstekjur „brutto", og eins því, að eg hafi ekki nema fyrir konu og einu barni að sjá. En hitt virðist henni ekki hafa hugkvæmzt eins vel, að þessi laun eiga býsna mikið niður á við árlega af þunga gamalla skulda og nýrra, sem eg hirði ekki um að skýra frekar frá; þar með hvílir á þeim þungt lífsábyrgðargjald, á þriðja hundrað króna á ári, sem varla er

ekki seint.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hugt að leggja mikið útsvar á. En auk þessara tekna hefi eg ástæðu til að halda að nefndin hafi í álagi sínu meðfram haft fyrir augum, að eg ætti <u>tölvert bóka og handritasafn</u>, því að þegar eg gat þess munnlega við einn mann úr niðurjöfnunarnefndinni fyrir nokkru, að mér þætti útsvar mitt hátt, varði hann helzt aðgerðir nefndarinnar með því, að eg ætti dýrt bókasafn. Að vísu er mér viðlofandi tölu-vert bókasafn, en ekki veit eg hvar þau lög eru, er segi dauða arðlausa eign hér á landi tíundarbært fé, er fá-tækra tíund skuli af greiða; ætla eg að sumum í nefndinni hljóti miklu fremur að vera kunnugt um svör Rafns Odds-sonar á þingi 1281, þegar Loðinn leppur kom með nýbreytni um tíund dauðra arðlausra hluta, og Rafn ónýtti nýjung þá, sem aldrei síðan hefir í lög komizt.

Það hlýtur að verða skammgóður vermir að leggja viðstöðulaust æ meira og meira á ímyndaðar ónefndar tekjur manna eða dauða arðlausa muni þeirra; menn reynast við að borga þangað til menn geta ekki lengur, og þá rekur að lögtakinu á munum þeim, sem menn hafa arðlausa handa á milli, og lagt hefir verið á, eins og hér virðist eiga sér stað, og endar síðan með því að menn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verða öreigar og annara þurfar.

Ég hirði ekki neitt að fara að bera mig saman við aðra borgara þessa bæjar, af því að mér er ógjört um tekjur flestra þeirra, en vona að orð mín verði tekin trúanleg, að ég velji ekki um skör fram gerða fyrir geingdarlausa útsvarshækkun á mér ár frá ári, og vil ég að niðurjöfnunarnefndinni verði þetta erindi mitt nú og framvegis athugunar og eptirbreytnis efni. Að vísu kann það svo að vera, að nefndinni hafi geingið gott eitt til að leggja hátt útsvar á mig til þess að afla mér trausts, og kann ég vel að meta það, en ég hefði verið harðánægður, þó að hún hefði ekki sýnt mér meira útsvarstraust en einum af nefndarmönnunum, sem á að greiða 35 kr., orðlögðum aflamanni og stórborgara hér í bæ, sem orðalaust og verðskuldað er trúað fyrir öllum hinum arðsömustu fjársóknum hér á landi.

Reykjavík 30. Dec. 1901.

Jón Þorkelsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavíkurbæ 1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Skjalavörður, Dr. phil. Jón Þorkelsson, Ridd. -

Í Bgstj. Rvíkur, 15. Jan. 1902.

X

No 22/1901. -

Kæru yðar, herra Doctor, dags: 30. ~~f. m.~~ og meðtekna 31. ~~sama mán.~~ f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 80 Kr., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að eigi skyldi sinna kærunni, með því að hún væri eigi borin fram í tæka tíð, en síðasti kærudagur var 29. f. mán.

Um leið og jeg eptir ósk niðurjöfnunarnefndarinnar gef yður þetta til vitundar, herra Doctor, skal jeg geta þess, að nefndin tók ennfremur tillit til bókasafns yðar, er ~~hann~~ hún álítur gjaldið, eins og þjer víðast gjörið yður í hugarlund, og að þjer getið, ef þjer skoðið niðurjöfnunarskrána, komist að raun um, að ~~mönnum~~ [mönnum þeim] hjer í bæ, sem hafa líkar heimilis-ástæður og þjer, líkar tekjur, og eigi betri fjárhags-ástæður, að áliti nefndarinnar, hefir verið gjört auka-útsvar frá 70 Kr. upp að 90 Kr. Skal jeg t. d. nefna Adjunkt Bjarna Sæmundsson með 80 kr. útsvari. Það getur því varla sagst [með sönnu;], að yður hafi verið íþyngt fremur öðrum bæjarbúum á lík[illegible] -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(af reint.)

Gjald: 15 Kr.

Reykjavík 30. desember 1901. № 21/1901 – 30/12 01.

Ekki reint.

Þarsem hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur kaupstaðar hefur gjört mjer að greiða aukaútsvar fyrir næstkomandi ár 15 kr. þá finnst mjer það vera of hátt í samanburði við aðrar ekkjur, og vil jeg t. d. leyfa mjer að benda á ekkjufrú Kristínu Blöndal sem gjört er að greiða 20 kr. en hún mun hafa í pension um 600 kr. og ekkjufrú Oddnýju Smith sem gjört er að greiða 18 kr., en sem er eigandi að 2. húseignum hjer í bæ og þaraðauki talsverðum jarðeignum. –

Eignir mínar og barnanna eru ekki aðrar en húsið sem eg bý í, og í því hvílir skuld til viðlagasjóðs, tekjur af atvinnu hefi eg engvar. – Sonur minn er fatlaður og liggur meira og minna í rúminu gjetur því ekki unnið fyrir sjer. – Dætur mínar eru nýtanlega af ómagaaldri, en til þess að menta þær hefi eg mikinn kostnað. –

Af framanskrifuðu vonast eg til að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi útsvar mitt niður, og finnst mjer sennilegt að jeg ekki þyrfti að borga meira en 10 kr. –

Allra virðingarfyllst.

Guðleif Sigurðsson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Guðleifs Sigurðssonar,
Rvík.

Í NjN: Rvíkur, 15. Jan: 1902.

Kæru yðar, dags. 30. f. m. og meðtekna sama dag, yfir auka-útsvari því, að upphæð 15 kr:, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, lagði eg fyrir nefndina á fundi hennar hinn 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að eigi skyldi sinna kærunni; með því að hún kæmi of seint fram, þar sem síðasti kærudagur var 29. desembermán. -

Um leið og eg eptir fyrirlagi nefndarinnar tilkynni yður þetta, skal eg geta þess, að nefndin kynnti sjer kæruna, og lét í ljósi, að hún mundi eigi hafa lækkað útsvars-gjald yðar, þótt kæran hefði borizt henni reglulega tímanlega. -

No: 21/1901. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorleifur Þorleifsson,
frá Stakkahlíð.

Í Bæjarst. Rvíkur, 15. Jan.: 1902.

Kæru Yðar, dags: 28. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 15 Kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði Yður að greiða fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m.:, og úrskurðaði nefndin með tilliti til atriða þeirra er þjer lýsið þá í kæru Yðar, einkum veikinda konu Yðar, að færa gjaldið niður um 3 Kr., eða úr 15 Kr. ofan í 12 Kr. —

Þetta tilkynnist Yður hjer með eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

Nº 20/1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áætl: 15,00.
1900: 12,00.
1899: 12,00.

No 20. / 1901. – 29/12. 01. –

Lækkað um 3 kr.

Eg undirskrifaður leyfi mér hérmeð virðingarfyllst að vekja athygli hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar viðvíkjandi útsvari því er hún hefir lagt á mig næstkomandi ár að upphæð 15 krónur, og sem talsvert er hærra en verið hefir að undanförnu, þar sem ástæður mínar eru mjög erfiðar hvað veika konu áhrærir og 5 ára gamalt barn á hendi, sjálfur á skútu einungis vetrar og vorvertíð, og svo með veikum burðum leitað mér daglaunavinnu. Til samanburðar vil eg nefna Guðjón á Móbergi sem er hraustur með 1 dreng 12 ára með 10 krónum. Þorsteinn Pjetursson í Bakkakoti býr með bróður sínum og móður, báðir duglegir menn og hafa allann tímann verið á skútum og eru þar á ofan húseigendur. Þorsteinn þessi hefir einar 16 kr. Af ofanskrifuðu vildi eg mælast til að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd vildi líta á ástæður mínar gagnvart nefndum mönnum og sjá til að útsvar mitt yrði ekki látið vera hærra en verið hefir þó ekki sé litið til lækkunar á mér eptir vel athuguðum ofanskrifuðum kringumstæðum.

Virðingarfyllst
Reykjavík, 28. desbr. 1901

Þorleifur Þorleifsson
frá Stakkahlíð.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]: 18,00.
1900: 16,00.
1899: 16,00.

[illegible]

No 19/1907. – 28/12. 07. –

Hérmeð leyfi ég mér virðingarfyllst, að tjá hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar kvörtun mína yfir aukaútsvari því, sem henni hefir þóknast að leggja á mig í ár. Mér er óskiljanlegt hvaða ástæðu hin heiðraða nefnd finnur ár eftir ár til að hækka útsvar mitt og það um 2 krónur á ári, nema ef það kynni að vera orðin regla hjá henni. Ástæður mínar og efni eru lík og áður, en því engu betri. Ég hef hingað til ekki kvartað og hef fúslega viljað miðla af mínum litlu efnum til fátækra, og útgjalda bæjarins; en nú finnst mér vera lagt ofhátt gjald á mig og það því fremur, sem að sumir með jöfnum tekjum hafa lægra útsvar en ég, auk margra annara, (sem ég mun taka nokkra til samanburðar) er hafa meiri tekjur en ég og lægra útsvar í hlutfalli við þær.

Tekjur mínar fara sjaldan fram úr 400 krónum á ári, og stundum ná þær því ekki eins og menn geta séð, þar sem ég hef aldrei saumastofu árið um kring heldur
X aðeins Saumaskóla á veturnar, eða frá í oktober á haustin þangað til seint í apríl á vorin, og kenni ég þá ætíð óvönum stúlkum, sem sjaldan eru allan veturinn, heldur aðeins nokkra mánuði, svo lítill og stundum enginn hagur verður af verki þeirra. Af þessum litlu tekjum mínum ~~verð~~ verð ég að borga afborgun og vexti af skuld í bankanum, rúmar 100 krónur á ári og getur þá hin háttvirta nefnd séð hvað mikið ég muni hafa afgangs ~~af~~ til fæðis og klæða og annara útgjalda.

Útsvar mitt í ár eru 18 krónur, en önnur sauma-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kona hér í bænum, Anna Hafliðadóttir hefir aðeins 12 Krónur. Hjá okkur báðum hygg eg að séu alveg jafnar ástæður, en tekjur hennar munu þó vera heldur rífari, þar hún að jafnaði mun hafa fleiri stúlkur að kenna. Hún heldur saumaskóla eins og ég og á sama tíma, en ekki saumastofu árið yfir. Þessvegna er hún sú fyrsta, er eg tek til samanburðar við mig. Svo er frú Karitas Markúsdóttir með 15 Króna útsvar. Það hlýtur hinni háttvirtu nefnd að vera kunnugt, að það muni vera ólík efni hjá henni og mér. Þá er Karl Flemmert verzlunarmaður með 14 Krónur, er einhleypur og hefir sjálfsagt 800 kr. laun og sömul. Elís Magnússon með 20 kr. útsvar, hefir yfir 1000 kr. tekjur, og Brynjólfur Þorláksson skrifari og söngkennari, sem hefir sama útsvar og ég, 18 krónur, en 1400 kr. fastar tekjur, og marga fleiri mætti telja enn. – Af þessu getur hin háttvirta nefnd séð að útsvar mitt er ofhátt í ár, og það hlýtur að stafa af ókunnugleika hennar um efni mín og atvinnu, svo ég vona fastlega að hún finni ástæðu til að lækka það, þegar hún hefir fengið þessar upplýsingar.

Reykjavík, 28. desbr. 1901

Virðingarfyllst

Anna Pétursdóttir

á 1/2 húsi
– jöfn frøkenerstein.
saumaverkstæði árið yfir. –

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fröken Anna Pétursdóttir,
Kristjánshúsi.

[illegible] Rvíkur, 15. Jan. 1902.

Kæru yðar, dags. 28. f. m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 18 Kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m. til athugunar og úrskurðar, og úrskurðaði nefndin þá, eptir að hafa athugað alla málavexti, að kæran yrði eigi tekin til greina, og að gjaldið skyldi standa óbreytt.

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að nefndin varð í þetta sinn að hækka mjög gjöld á bæjarbúum, þar eð auka-útsvars-upphæðin nú er nærfellt 5000 Kr. hærri en árið sem leið, og álitu hún að þjer ættuð að bera örlítinn hluta af þessari hækkun; var gjald yðar samkvæmt þessu sett einum 2 – tveim – Kr. hærra en það var árin 1899 og 1900. Þessa gjaldhækkun álítum vjer og ~~ekki ósanngjarna~~ sanngjarnlega með tilliti til þess, að þjer, sem eruð al-einhleyp, eigið jarðeign fyrir vestan, hús-eign hjer í Reykjavík, og hafið samkvæmt yðar eigin frásögn í brjefi yðar atvinnu allan ársins hring, saumaskóla á veturna og saumastofu hinn hluta ársins ~~(samkvæmt brjefi yðar)~~. [illegible] vjer því hafa ástæðu til að ætla að atvinnutekjur yðar sjeu [illegible] hærri en tekjurnar einar ~~af atvinnu yðar~~, sem þjer tilgreinið í brjefi yðar.

No. 19/1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Givet 10 Kr.

Fellt burtu.

№ 18/1901. – 28/12. 01. –

Til

Ligningskommissionen

i Reykjavik

Idet jeg udtaler min Forundring over for første Gang at modtage en Skatteseddel, tillader jeg mig at gøre den ærede Kommission opmærksom paa, at vor Kommunitet, der bestaar af 7 Søstre, umulig kan leve af de Indtægter, vi modtage af Islænderne, hertil behøves endnu en Del Almisser fra Udlandet. Intetsteds fordrer man af fattige Ordenssøstre Bidrag til Fattigkassen, da man ved, at det er vor Opgave altid at tilvende de fattige, hvad vi muligvis kunne spare. Jeg beder herved den ærede Kommission tage Hensyn til ovenstaaende og fritage os for den paatænkte Skat.

Med særdeles Højagtelse

Sr. Louise des Anges

Priorinde

Reykjavik d. 28 Dec. 1901

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Priorinde Louise des Anges,
Landakot.

X

I Rykjavík, 15. Jan. 1902.

Deres Skrivelse af 28. f. M., hvori De anker over det Dem i Sidstafvigte November af Lignings-Commissionen paalignede Extra-bidrag af 10 Kr. til Reykjaviks Commune-Kasse, blev af mig forelagt Commissionen den 4. dennes, hvor efter denne paany optog Sagen til Overveielse, samt endelig afgav den Kjendelse, at Extrabidraget skulde bortfalde for ~~de~~ indeværende Aar (1902), hvilket herved tilkjendegives den ærede Priorinde. –

No 18/1901. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld: 60 kr. / Ekki Einaty. Nr. 17/1901. - 27/12 '01.

Í 78. tölublaði Ísafoldar sje jeg að hin heiðraða niðurjöfnunar-nefnd útsvaranna í Reykjavíkur kaupstað hefur gjört mjer að greiða 60,kr. aukaútsvar fyrir árið 1902.

Jeg vil í stuttu máli leifa mjer að gefa nefndinni til kynna, að jeg hefi lögheimili hjá kaupmanni J. G. Möller á Blönduósi, í Torfulækjarhreppi, geld þar öll lögboðin gjöld, tekjuskatt, þinggjald, aukaútsvar, til prests og kirkju, en dvel hjer aðeins part úr vetri, sem gestur hjá tengdasyni mínum.

Ef nefndin, mót von minni, ekki skyldi trúa þessari sögn minni, þá er mjög ljett að sanna henni að þetta er sannleikanum samkvæmt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verður því krafa mín til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar útsvaranna í Reykjavíkurkaupstað þannig:

Að hún felli úr gyldi úrskurð sinn um útsvarsálagningu á mig nefl. gjöri mjer alls ekkert útsvar að greiða til bæarins hjer.

p. t. Reykjavík 27. Oct 1901.

Virðingarfyllst

J. Jósefsson

frá Stóbakka

Til formanns niðurjöfnunarnefndar útsvaranna í Reykjavík

Kom með Vestu í nóvbr. 1911
Aftur að fara í febr. 1912.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jakob Jósefsson,
frá Árbakka, Laugavegi.

Í bæjarstj. Rvíkur, 15. Jan., 1902.

X

Með brjefi, dags. 27. f. m., hafið þjer krafist þess, að niðurjöfnunarnefndin felli niður auka-útsvar það, að upphæð 60 kr., sem nefndin lagði á yður ~~til bæj~~ í síðastliðnum nóvembermánuði til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, og tilfærið þjer þá ástæðu fyrir kröfu þessari, að þjer eigið lögheimili norður á Blönduós í Húnavatnssýslu. Brjef þetta lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og ákvað nefndin, að taka hana ekki til greina, og er þetta ~~það~~ ástæða nefndarinnar ~~hennar~~, að þjer hafið keypt hús hjer í bænum, sem þjer búið í nokkurn tíma ársins; að kona yðar er alflutt hingað, og býr í nefndu húsi; að það liggur beinast við sem [illegible] þess að telja heimili yðar hjer í Rvík, þó að þjer vor, sumar og haust leitið yður atvinnu norður á Blöndu-ósi.

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta, skal jeg geta þess, að spurningin um gjaldskyldu yðar hjer heyrir undir úrskurð dómstólanna.–

No. 17/1901.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TH. THORSTEINSSON

Skuld: 600,00.
1900: 450,00.
1899: 400,00.

No 16/1902. – 27/12. 01. –

~~Reykjavík, d.~~

ekki sinnt.

Hjer með leyfi eg mjer undirritaður, að kæra yfir aukaútsvari því, sem nú í haust hefur verið jafnað niður á mig fyrir árið 1902, og sem er að upphæð 600 kr. eður 150 kr. hærra, en fyrir árið sem nú er að líða.
Jeg þykist vita, að það muni hafa vakað fyrir hinni heiðruðu niðurjöfnunar nefnd, að þilskipa-útvegur minn hafi gengið svo vel í ár, að nefnd hækkun á aukaútsvarinu eje nærri lagi. En svo er að mínu áliti eigi. Að vísu öfluðu þilskip mín fremur vel, en þess er að gjæta, að mikið af þeim afla, er en eigi orðið verzlunarvara og horfur nú æði slæmar með markaðsverð á saltfiski. Þess utan eigi rjett vel selt, það sem selzt hefur. Þá má ennfremur geta þess, að útlit með þilskipa útgerð, er nú sem stendur mjög ískjárvert fyrir þilskipa eigendur, að því er fólkshald og fleira snertir. Eitt er það þó, sem mjer finnst að nefndin hefði sjerstaklega getað litið á í þetta sinn, hvað gjald mitt snertir, og það eru veikindi mín undanfarin ár, einkum nú í ár, þar sem jeg hef orðið að fara burtu til útlanda frá verzlun minni og útgerð, á óhentugasta tíma árs til þess, með miklum kostnaði að leita mjer lækninga við illkynjuðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjúkdómi. Hafði jeg t.d. í ár mjög mikinn óhagnað af því, að þurfa að vera burtu mikið af sumrinu og haustinu og geta ekki gætt hagsmuna minna, við atvinnurekstur minn hjer heima. – Jeg skal leyfa mjer að nefna útsvör nokkra manna, er jeg álít að jeg hafi of hátt gjald í samanburði við, nefnilega: H. Andersen skraddari (200 kr) D. Bernhöft bakari (150 kr) G. Zoëga kaupm. (400 kr) M. Lund, lyfsali (400 kr) St. Jónsson kaupm. (400 kr) Timburs & Kolaverzl. Reykjavik (275 kr) og C. Zimsen Consull (350 kr).
Þó er það eigi meining mín að gjald þessara manna sje svo lágt að það eigi að hækka, og fer eg alls eigi fram á það; heldur aðeins hitt, að aukaútsvar mitt, er jeg samkvæmt ofansögðu tel of hátt, verði talsvert lækkað, t.d. niður í 400–450 kr. sem eg teldi nær sanni.

Reykjavík 27 Desember 1901

[signature]

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra kaupmaður Th. Thorsteinsson, Rvík. –

Í bjn. Rvíkur, 15. Jan.: 1902.

Kæru yðar, herra kaupmaður, dags: 27. f. m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 600 kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermánuði til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá, eptir að hafa athugað alla málavexti, að kæran gæti eigi tekin til greina, og að gjald yðar skyldi standa óbreytt.

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta, herra kaupmaður, samkvæmt fyrirlagi nefndarinnar, skal jeg taka það fram, að aukaútsvör bæjarins eru þetta árið eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar nálægt 5000 kr. hærri en síðastliðið ár, og að nefndin varð að jafna hækkun þessari á þá bæjarbúa, sem sanngjarnt þótti að bæru hana eptir efnum þeirra og ástæðum. Nefndin álítur að þjer eigið að vera einn meðal þeirra. Fyrir nokkrum árum tókuð þjer arf, sem nefndinni er kunnugt um, hve mikill var (hjer um bil), og ~~álítum vjer, að það hafi~~ var það ~~verið~~ mjög mikil eign, eptir því sem um er að gjöra hjer á landi: Atvinnurekstur yðar er nefndinni [illegible]

No 116/1901. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gengið þó árs-árlega, að yður hefur græðst fje, og það sum árin að mikl-um mun. Hagur yðar álízt því nú mjög blómlegur, og miklu fremur framför í atvinnuvexti yðar en apturför. Nefndin álítur því, að hið ákveðna gjald sje eigi of hátt fyrir yður, og hún getur því að eins fallizt á að lækka það, að þjer með reikningslegum skýrslum sýnið, að hagur yðar (status) væri eigi eins góður, eins og álitið er, og að tekjur yðar framyfir gjöld hafi eigi verið eins miklar síðastliðin 3 ár, eins og nefnd-in hefur talið óhætt að áætla þær.--

Þjóðólfur

Barnablaðið

Framsókn

Kvennablaðið

Plógur

Reykvíkingur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lestrarbók Steingríms
Kvennfrelsisritið
Sagan af Júnífer konungi o.s.frv.
Markaskrár, erfiljóð, grafskriftir,
og allskonar smávegis.
Skálaljóð eptir Þ.B. 8 arkir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/9. p.

Gjöld: 40 kr. ekki tiund,
1900: 16 – verzlun. gengur undir
1899: 16 – nafni konunnar.

№ 14/1901. – 24/12. 01. – I

Af því jeg hefi sjeð, að háttvirt niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, hefir hækkað aukaútsvar mitt um þá upphæð kr. 24 – tuttugu og fjórar – krónur frá því sem síðast var, eður þetta ár, og með því jeg gèt ekki sjeð ástæður fyrir slíkri hækkun, þá leyfi jeg mjer að senda nefndinni nokkrar línur, og vil jeg fara þess á leit og það með allgildum ástæðum, að nefndin vildi gjöra svo vel, að lækka nefnda auka-útsvars-upphæð að minsta kosti niður í 16 kr. Svo framarlega sem hún ekki vill hækka á nokkrum öðrum gjaldendum, er jeg vil leyfa mjer að nefna, og sem að mínu – og margra fleiri manna – áliti, hafa altof lágt aukaútsvar samanborið við mig. Enn jeg verð að álíta, að hækkun þessi á útsvari mínu, hljóti að koma til af ókunnugleik nefndarinnar á ástæðum mínum og ekki öðru, og þessvegna muni hún brátt lagfæra gjörðir sínar, þegar hún hefir fengið sannar upplýsingar.

Á þessu ári hefi jeg eignast eitt barn, svo nú á jeg alls fimm. Tvö af þeim hafa bæði í fyrra, og í ár verið mjög heilsulítil, og undir læknishendi; börnin eru öll ung – hið elsta 9 ára. Kona mín hefir í ár legið rúmföst langann tíma, og gèt jeg ímyndað mjer að háttvirt nefnd, skilji, að það sje ekki tekju auki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/ G.þ./ Tekjur mínar á árinu eru 500 – fimm hundruð – krónur
og eru þó allar óvissar einsog vantyrer, og hafa verið
frá 400 – 500 kr.. Útsvar mitt nosta ár Kr. 40,oo
samkvæmt áætlun niðurjöfnunarnefndarinnar.

Þá vil jeg leyfa mjer að taka til samanburðar:

№ 1. Kr. O. Þorgrímsson kaupmaður skuldheimtum. etc.
Hefir á þessu ári haft stóra innheimtu fyrir þrotabú
Eyþórs Felixsonar þrotabú Thors Jensens W. Fischers versl.
ofl. Hefir auk þess ferðast fyrir hið opinbera til
málshöfðunar gegn embættismönnum og hlítur að hafa þá haft
allgóð daglaun, Hefir stóran Agentur frá Danskri
verksmiðju. á stóra og dýra húseign og lóðeign í miðjum
bænum sem er tiltölulega lítil skuld á – að minsta
kosti samanborið við mínar eignir, einnig á
hann stóran búgarð í bænum „Sauðagerði" er hann
mun hafa fengið fyrir lítið verð, en sem nú mundi
vera virt til peninga verð fl. þúsund krónur
Hann hefir útsendingu stjórnartíðinda á hendi; og
tekjur hans árlega ɔ: 3000 kr. með eitt ungt barn (einn ómaga)
hefir eptir áætlun niðurjöfnunarnefndarinnar Kr. 35,oo
eða 5 kr minna en jeg.

№ 2. Björn Þórðarson kaupm. hefir snotra verzlun á
besta stað í bænum, að líkindum skuldlausa er einhleypur
hefir í auka-útsvar – – – – Kr. 30,oo

№ 3. Jón Eyjólfsson kaupm. Laugaveg á sitt eigið verzlunarhús
verzlar mikið hefir skuldlitla verzlun er ómagalaus hefir
sama útsvar og jeg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/
G. Þ.



№ 4. Guðmundur Guðmundsson fullmegtugur og kaupm. Hann hefir að sögn í laun 1200 kr. og svo verzlun hefir 3–4 ómaga sama aukaútsvar sem jeg

№ 5. Jón Helgason kaupm. Hefir konu og eitt barn stafsrað og skuldlitla verzlun

№ 6. Þorleifur Jónsson póstþjóni 1500 kr. föst laun 3. börn / hefir keipt íbúðarhús Eiríks Briems á þarað auk Stóradalinn sem er með betri bújörðum á landinu hefir sama aukaútsvar sem jeg eða 40 kr

№ 7. Helgi Jónsson bankaþjóni hefir 1500 föst laun 3–4 börn heima / hinum þarf hann víst ekki að gefa með hefir byggt hús í miðjum bænum, er þarað auk jarðeignamaður á ~~Straumfjörð~~ borgar til sveitar 15 krónur

№ 8. Guðmundur Guðmundsson á Vegamótum hefir engann ómaga svo jeg viti er mjög vel efnaður maður maður það vita allir í Reykjavík, og mjer þykir ótrúlegt, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd fari ekki nærri um það líka? enn því fer hann þá ekki, að borga jafnhátt gjald, og jeg sem á ekki nærri þvi eins miklar eignir, enn hefi 5 ómögum fleiri enn hann? Hann er aðeins látinn borga 28 kr.

№ 9. Hannes Hafliðason skipstjóri er ómagalaus á stórt hús hjer í bænum hefir mjög góða atvinnu sem duglegur skipstjóri á þess utan Stóra jörð í Staðar sveit með 5–6 hjáleigum borgar í aukaútsvar aðeins 45 kr. eða 5 kr. meira enn jeg

№ 10 Árni Jónsson bókhaldari hjá Thomsen ómagalaus húseigandi kona hans er Prjónakona mikil sem þjenar mikla peninga hefir 800–1000 kr. laun. borgar í útsvar einar 18 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4./G.Þ.

IV

No 11. Svend Hall Verzlunarm. hjá Thomsen hefir 800 kr. föst laun er alveg einhleipur borgar aðeins 12 kr.

Svona gæti jeg haldið áfram miklu lengur, enn jeg álít það ekki þörf, og veit að þetta verður nóg til þess að sannfæra nefndina um, að hjer hefir hana vantað kunnugleika hvað mig snertir, það væri mjer sönn ánægja, að borga til fátækraframfæris þó meira væri enn þetta, ef efni mín og ástæður leifðu það, og ef sanngjarnlega væri lagt á mig saman borið við aðra gjaldendur í sama bæjarfjelagi, enn þegar svona hraparlega hafa mistekist verk nefndarinnar hvað mig snertir, saman borið við marga aðra, þá get jeg alls ekki látið hjálíða að gjöra tilraun, til þess að háttvirt nefnd taki tillit til þess er jeg nú þegar hefi tekið fram,

Með fullu trausti til þess að nefndin verði við þeim tilmælum mínum, að lækka útsvar mitt niður í það sem var 16. kr. (því meira er alls ekki rjett að leggja á mig) enda jeg þessar línur

Virðingarfyllst,

Reykjavík 22. Des. 1901

Gísli Þorbjarnarson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavíkur kaupstað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Búfræðings Gísla Þorbjarnarsonar,
Rvík. –

Í Bæjarstj. Rvíkur, 15. Jan., 1902.

Kæru Yðar dags. 22. f. m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 40 kr., sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði Yður að greiða til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði hún þá, eftir að hafa athugað alla málavöxtu, að kæran yrði ekki tekin til greina, og að gjaldið skyldi standa óbreytt.

Þetta tilkynni jeg Yður hjermeð eftir fyrirlagi nefndarinnar, og skal jafnframt geta þess, að gjald Yðar var nú sett 24 krónum hærra en undanfarin ár af þeim sökum, að þjer hafið árið sem leið sett verzlun á Skálum á Langanesi, sem þjer látið "faktor" reka undir yðar nafni og fyrir yðar hönd, og var þegar fyrir þessa sök ástæða til að hækka gjald Yðar, svo að það yrði í nokkru samræmi við gjöld annara kaupmanna, en auk þess varð eigi hjá því komist, að hækka að mjög miklum mun gjöld bæjarmanna, með því að aukaútsvarsgjaldið alls nú er nálægt 5000 kr. hærra en næsta undanfarið ár. Var það að áliti nefndarinnar sjálfsagt, að þjer bæruð nokkurn hlut af [illegible] atvinnu Yðar. –

N^o 14/1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 10 kr. fallið niður 17/12 1907. – 23/12. 07.

Hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir á niðurjöfnunarskránni yfir aukaútsvör næstkomandi ár ákveðið að jeg skuli greiða 20 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs. Er það í fyrsta sinn, sem gjald hefir verið á mig lagt, enda hefi jeg verið talinn, og verið sem hjú hjá foreldrum mínum þangað til á áliðnum síðasta vetri, að jeg, vegna heilsuleysis foreldra minna, fór að eiga með mig sjálfur og búa með systur minni, og höfum við síðan hjá okkur foreldra okkar, sem eru alveg efnalaus og heilsuþrotin; móðir okkar reyndar optast á ferli, en mjög heilsulin, en faðir okkar, Bjarni Árnason, alveg heilsulaus ómagi, og hefir nú legið rúmfastur á annað ár, án þess að hann geti neitt gjört, eða nein sýnileg von sje til að hann öðlist framar neina heilsubata. En niðurjöfnunarnefndin hefir samt lagt á hann 10 kr. aukaútsvar fyrir næstkomandi ár, sem hún sjálfsagt hefir gjört af því, að henni hefir verið ókunnugt um að hann væri hættur að búa, og um eignaleysi hans og heilsuástand. —

Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst að krefjast þess, og vona að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd fallist á, að láta þetta umrædda 10 króna aukaútsvar föður míns fyrir næstkomandi ár, algjörlega falla niður, og burtnemast af gjaldaskránni.

Viðvíkjandi þeim 20 krónum, sem á sjálfan mig eru lagðar í aukaútsvar fyrir næstkomandi ár, skal jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

leyfa mjer að geta þess, að jeg ekki vil færast undan að greiða það; samt þyki mjer gjald þetta eptir efnum mínum og ástæðum vera talsvert hátt í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur, þar sem jeg, sem er aðeins 22. ára að aldri, hefi ásamt systur minni bláfátæka foreldra okkar, — mjög heilsulina móður og alveg heilsulausan föður, og þess vegna þungan ómaga — fram að færa; og þar sem jeg í fyrsta sinn varð stýrimaður á þilskipi síðastliðna Vetrar-vor og sumarvertíð, og get talið að jeg fyrir það hafi fengið hjerumbil 500 króna tekjur, en til dæmis Ingimundur Jónsson, verzlunarþjónn við Th. Thorsteinssons verzlun hjer í bænum, sem líka á farlama föður blindann, og þungan ómaga, og ellihruma móður, sem hann, - eins og jeg, - ásamt systur sinni hefir fram að færa, og einnig mun vera líkt um eigur okkar og efnahag að öðru leyti en því, að hann fær í árslaun við verzlun þá, sem hann þjónar, 900 krónur, og þannig nálægt 400$^{kr}$ meiri árstekjur en jeg, en á hann eru lagðar aðeins 8 krónur í aukaútsvar fyrir næsta ár. Jeg vona því að aukaútsvar mitt verði alls ekki hækkað þó að gjald það, sem á föður minn hefir verið lagt verði algjörlega látið falla niður.

Reykjavík, 19. desember 1901.

Virðingarfyllst.

Pjetur Bjarnason.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

Gjald Pjeturs Bjarnasar. ~~[illegible]~~ standi
—:— Bjarna Árnasonar ~~[illegible]~~ falli burtu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra kaupmaður Thor Jensen,
forstjóri verzlunarinnar "Godthaab" Rvík:

Bfgtn: Rvík, 15. Jan:, 1902.

vegna verzlunarinnar "Godthaab"

Kæru yðar, dags: 23. f. mán:, yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, að upphæð 400 Kr:, sem niðurjöfnunarnefndin í síðastliðnum nóvembermánuði gjörði yður að greiða fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 4. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, eptir að hafa athugað skýrslur yðar og að nokkru leyti með tilliti til hennar, að færa gjaldið niður um 100 Kr., eða ofan í 300 Kr.

Þetta gefst yður hjermeð til vitundar eptir fyrirlagi nefndarinnar.

No 13/1901.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 8. d. ágúst mán. 1902.

Út af meðfylgjandi erindi frá Knud Zimsen ingeniör hjer í bænum, dags. 6. þ. m., leyfi jeg mjer í umboði bæjarstjórnarinnar að spyrjast fyrir um það hjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, hvort útsvar það, er jafnað hefur verið á nefndan ingeniör fyrir yfirstandandi ár, sje miðað við allt árið eða að eins við þá mánuði af árinu, er hann dvaldi hjer.

Halldór Daníelsson

Brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 8. þ. m., um erindi verkfræðings Kn. Zimsens ~~viðvíkjandi~~ út af aukaútsvari hans fyrir yfirstandandi ár, svarast á þá leið, að með því að aukaútsvarið var lagt á Knud Zimsen við aðalniðurjöfnun útsvaranna í síðastliðnum nóvembermánuði, var það miðað við allt yfirstandandi ár, en nefndinni var þá eigi fullkunnugt, hvenær á árinu hann mundi ganga í þjónustu kaupstaðarins. — Fylgiskjöl endursendist.

13./8. 02. —

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 7. d. febrúar mán. 1902.

Eptir að hafa kært aukaútsvar sitt til bæjarsjóðs yfirstandandi ár fyrir niðurjöfnunarnefndinni, en ekki fengið áheyrn hjá henni, hafa 4 gjaldendur bæjarins, þeir Gísli Þorbjarnarson búfræðingur, J. G. Halberg gestgjafi, Hannes Þorsteinsson ritstjóri og Jakob Jósefsson frá Árbakka skotið útsvarsmáli sínu til bæjarstjórnarinnar, og hefur hún á fundi sínum í gær úrskurðað, að útsvar Gísla Þorbjarnarsonar skuli fært niður um 10 kr. (úr 40 kr. í 30 kr.) og útsvar Hannesar Þorsteinssonar um 20 kr. (úr 150 kr. í 130 kr.), en að útsvar J. G. Halbergs skuli óbreytt standa og útsvar Jakobs Jósefssonar sömuleiðis að svo stöddu.

Þetta hefur bæjarstjórnin falið mjer á hendur að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd og jafnframt að leiða athygli nefndarinnar að því, að fyrirmælum í tilskip. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, 23. gr. hefur eigi verið fylgt við úrskurð nefndarinnar á kærum þessum, að því leyti sem gjaldendum þeim, sem kærendur hafa borið sig saman við og krafist útsvarshækkunar hjá, hefur ekki verið gefinn kostur á að segja álit sitt um þær kröfur, en með þessari aðferð er eigi að eins niðurjöfnunarnefnd-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inni, heldur og bæjarstjórninni varnað að hækka útsvör á gjaldendum þeim, sem hjer eiga hlut að máli, þó að ástæða kynni að vera til þess, og sjerstaklega þykir það óviðfelldið, að tjeðra lagafyrirmæla hefur ekki verið gætt að því er snertir kæru Gísla Þorbjarnarsonar, þar sem 3 af gjaldendum þeim, er hann hefur krafizt útsvarshækkunar hjá, eiga sæti í niðurjöfnunarnefndinni.

Jeg vil því hjer með, að fyrirlagi bæjarstjórnarinnar, skora á niðurjöfnunarnefndina, að leiða ekki framvegis hjá sjer að fara eptir áminnztum fyrirmælum í 23. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar við úrskurði á útsvarskærum.

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

Í Njn. Rvíkur, 22. Jan. 1902.

Þegar niðurjöfnunarnefndin hafði lokið starfi sínu í síðastliðnum nóvembermánuði, og skráin yfir aukaútsvörin hafði legið frammi til sýnis fyrir gjaldendum lögboðinn tíma, bárust nefndinni kærur frá 23 gjaldendum yfir útsvörum þeim, sem jafnað hafði verið á þá. Kærur þessar rannsakaði nefndin á fundi 4. þ. m., og úrskurðaði þær samdægurs. Urðu þá þessar breytingar á niðurjöfnuninni:-

Gjald hækkað:

Björns Hallgrímssonar, skipstjóra í Litla-Steinsholti - um Kr: 10,00.

Gjöld felld algjörlega niður:

Hallgríms Eiríkssonar í Litla-Steinsholti - Kr 20,00.
Guðrúnar Jónsdóttur, [illegible], ([illegible]koti) - 12,00.
Bjarna Árnasonar, beykis, Dúkskoti - - 10,00.
Louise des Anges, príorissu, Landakoti - - 10,00.

Gjöld lækkuð:

Þórðar Þórðarsonar, Brekkuholti - um Kr: 4,00.
Jóns Jakobssonar, frá Engey - - ... - 5,00.
Björns Hieronymussonar, lausamanns -... - 3,00.
Jóns Sigurðssonar, frá Syðstu-Mörk - ... - 20,00.
Ellert Schram's, skipstjóra - - - - ... - 5,00.
Níelsar Pálssonar, frá Lágholti - - ... - 4,00.
Verzlunarinnar "Godthaab" (Thor Jensen) -.. 100,00.
Þorleifs Þorleifssonar, frá Staukahlíð... 3,00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkun gjaldanna verður þannig eptir úrskurðinum alls ~~Kr: 10,oo og 186 Kr.~~ (Kr: 196,oo ÷ Kr: 10,oo =) 186 Kr.

Eptirnefndir gjaldendur kærðu sumpart yfir útsvörum sínum, án þess að kærur þeirra væru að neinu leyti teknar til greina:

Pjetur Þórðarson, aukanæturvörður.
Helgi Pjetursson, cand. mag. og stud. med:
J. G. Halberg, hótel-haldari.
Gísli Þorbjarnarson, búfræðingur.
Hannes Þorsteinsson, ritstjóri.
Th. Thorsteinsson, konsúll og kaupmaður.
Jakob Jósefsson, frá Árbakka, Laugaveg.
Anna Pjetursdóttir, saumakona.
Guðleif Sigurðsson, ekkja, Rafnshúsi.
Jón Þorkelsson, landsskjalavörður, Dr. phil.
Jón Helgason, kaupmaður, Laugaveg.

Kærur frá 3 hinum síðastnefndu gjaldendum bárust nefndinni, eptir að lögboðinn kæru-frestur var út runninn.

Skjöl þau, er fylgdu bréfum herra bæjarfógetans 29. júní og 24. okt. f. á. endursendast hjermeð.—

Þá sendi jeg hjermeð reikning yfir útgjöld niðurjöfnunarnefndarinnar í júní, nóvember- og desembermán: f. á., og janúarmán: þ. á:, og óska eg, að hann verði ávísaður mjer til útborgunar, og síðan endursendur mjer.

L. E.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loksins skal jeg vekja máls á því, að nauðsynlegt muni vera orðið, að fjölga nefndarmönnum í niðurjöfnunarnefndinni; þannig að þeir verði að minnsta kosti 9 eða jafnvel 11. Eptir stærð bæjarins og mannfjölda, eins og hann nú er orðinn, verður eigi búist við því, að 7-manna-nefnd hafi nægilegan kunnugleika um öll hverfi hans nje heldur um alla atvinnuflokka hans. Nokkrir nefndarmanna þurfa að vera úr austurbænum, og nokkrir úr vesturbænum, og æskilegast væri; að þessir 5 atvinnuflokkar hefðu hver 2 menn í nefndinni: embættismenn, verzlunarmenn, útgjörðarmenn, iðnaðarmenn og tómthúsmenn. Jeg ~~[illegible]~~, að þjer, hr. bæjarfógeti, takið mál þetta bráðlega til íhugunar ásamt bæjarstjórninni. –

leyfi mjer að láta í ljósi; að æskilegt væri,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 24. d. Október mán. 1901.

Jafnframt því að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðsins, sem nú hefur verið samin, ber að jafna niður aukaútsvörum í bæjarþarfir árið 1902, Kr. 35,218,61ª, vil jeg til leiðbeiningar við niðurjöfnunina telja hjer á eptir þá menn, er fengið hafa aðseturs- og atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 29. júní síðastl.:

I. Borgarabrjef:

1. ~~Jón Helgason, kaupmaður~~ áður tilkynnt
2. Eyvindur Árnason, kaupmaður
3. Sigurður Björnsson —„—
4. Lilja Petersen —„—
5. Stefán B. Stefánsson —„—

II. Skipstjóraskírteini:

1. Sigurður Þórðarson, skipstjóri

III. Sveinsbrjef:

1. Jóhannes Kristjánsson, trésmiður
2. Helgi Sigurðsson, trjesmiður
3. Jón Lárusson, trésmiður
4. Guðm. Guðjónsson, —„—
5. Páll Jónsson, járnsmiður
6. Bjarnhjeðinn Jónsson —„—
7. Páll Magnússon —„—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Húsmennadeild

1. Jón Sigurðsson, frá Syðstumörk undir Eyjafjöllum
2. Guðmundur Ragnar Jóelsson
3. Jón Sigurðsson, frá Svarfhóli
4. Egill H. Klemenzson, Minni-Vogum
5. Magnús Hróbjartsson, Hverfisgötu
6. Sigríður Friðriksdóttir, Ekkja af Akranesi
7. Ólafur Jónsson, smiður frá Seyðisfirði
8. Eggert Þorbj. Böðvarsson á Bráðræðum
9. Guðm. Vigfússon á Laugarási
10. Elísabet Ottesen á Akranesi
11. Guðbjörn Björnsson á Bergi
12. Tómás Ólafsson
13. Gísli Gíslason, úr Gaulverjabæjarhreppi
14. Jón Nikulásson frá Króki
15. Þorsteinn Guðmundsson, Bollagarðakoti
16. Ágúst Júlíus Rögnvaldsson, frá Miðhúsum
17. Einar Einarsson, Bollagarðakoti
18. Ásbjörn Jónsson, Nýlendu
19. Þórður Stefánsson, Keflavík
20. Kristófer Magnússon, Vesturgötu 53.
21. Einar Jónsson, Stokkseyri
22. Kristinn Þorleifsson, Nýlendu, í Vatnsleysuströnd
23. Guðrún Finnsdóttir, Kleppi
24. Gísli Þorvarðarson, Skólavörðustíg 11.
25. Guðjón Jónsson (Skólavörðustíg) Bræðrab. stíg
26. Páll Guðmundsson

B

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. Eyleifur Guðmundsson, Gesthúsum
28. Sigurður Magnússon, Kirkjustræti 7.
29. Pjetur Sigurðsson, Vesturgötu 48.
30. Benedikt Axel Jósepsson, Steinsholti
31. Börður Geirsson, Litlakoti
32. Guðjón Magnússon, frá Bjarnastöðum Álptanesi
33. Ólafur Ólafsson, Skólavörðustíg 33.
34. Guðmundur Guðnason, Einarshöfn
35. Tómas Þorsteinsson, Litlasteinsholti

V. Lausamennskuleyfi

1. Árni Bjarnason, Lindarbrekku
2. Þorsteinn Þorsteinsson, Bræðraborgarstíg 11.
3. Halldóra Sigurðardóttir, Laugaveg 27.
4. Gísli Jóhannesson, Bergstaðastræti 41.
5. Úlfríður Pjetursdóttir, Klapparstíg 8. —

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd og um leið senda umsóknarbrjef þeirra manna, er fengið hafa lausamennskuleyfi. — Brjef þessi óskast endursend þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau. —

Halldór Daníelsson

Til
formanns niðurjöfnunarnefndarinnar —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 29. d. júní mán. 1901.

Til leiðbeiningar við aukaniðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á framað fara, vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunar-nefnd, að menn þeir, sem taldir eru hjer á eptir hafa fengið atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 26. oktober f. á.:

I. borgarabrjef til verzlunar:

1. Pjetur Jónsson Laugavegi (frá Hrunnk)
2. Margrjet Þorbjörg Jensen (kona Thor Jensens)
3. Guðmundur Olsen fyrv. verzlunarstjóri
4. Þorsteinn Thomasson járnsmiður
5. Björn Þórðarson verzlunarmaður
6. Jón Helgason verzlunarmaður
7. Johann M. P. Bjarnesen —„—
8. Erlindur Zakaríasson vegabótastjóri
9. Guðmundur Magnússon Laugavegi (frá Bíldsfelli)
10. Karólína Sigurðardóttir Laugavegi 5.

II. Skipstjóraskýrteini:

1. Jón Bjarnason Grettisgötu
2. Hámundur Jósefsson
3. Sigurjón Jónsson
4. Jón Steinsson
5. Jón Sigmundsson Bergstaðastræti
6. Vilhjálmur Gíslason
7. Björn Hallgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Sigurður Bjarnason Vesturgötu 50.
9. Stefán Daníelsson Vorhúsum
10. Jóhann Jónsson
11. Jón Theódór Hansson

## III. Sveinsbrjef:

1. Baldvin Einarsson söðlasmiður
2. Sigurður Loptur Jónsson járnsmiður
3. Hróbjartur Pjetursson skósmiður
4. Bjarni Hreiðarsson skósmiður
5. Eyjólfur Gíslason trjesmiður
6. Stefán Gunnarsson skósmiður
7. Samúel Pálsson skósmiður
8. Kristinn Pjetur Friðriksson trjesmiður
9. Josef Gottfred Blöndal trjesmiður.
10. Ármann Eyjólfsson skósmiður
11. Jónatan Þorsteinsson söðlasmiður
12. Guðmundur J. Friðlaugsson skósmiður
13. Þórður Magnússon bókbindari
14. Hallgrímur Pjetursson bókbindari
15. Eiríkur Hjálmar Sigurðsson trjesmiður
16. Guðbjartur Sigurðsson bókbindari
17. Oddur Steingrímur Ívarsson skósmiður
18. Flosi Sigurðsson trjesmiður
19. Jón Einarsson trjesmiður
20. Sigurfinnur Brandsson trjesmiður
21. Jóhann Guðjónsson járnsmiður
22. Björn Þorvarðarson trjesmiður
23. Einar Sveinsson trjesmiður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## IV. húsmennskuleyfi:

1. Benonía Jósefsdóttir Lindarbrekku
2. Pjetur Þor~~steinsson~~ varðarson Helgastöðum
3. Ólöf Þorsteinsdóttir frá Þórustöðum
4. Guðjón Kjartansson Bakka
5. Sæmundur Einarsson Vesturgötu
6. Sigurjón Grímsson frá Hjalla í Ölfusi
7. Jón Helgason " s. st.
8. Guðrún Benjamínsdóttir (áður hjá Sig. fangaverði)
9. Guðm. Guðmundsson frá Breiðabólst. í Ölfusi
10. Ingvar Guðmundsson frá Keflavík
11. Eyjólfur Andrjesson frá Haukagili
12. Halldór Þorkelsson frá Þyrli.
13. Jón Sigfússon frá Syðri-Hömrum
14. Ólafur Einarsson frá Efri-Hömrum
15. Gísli Jóhannesson
16. Ólafur Teitsson Bergstaðastræti 25.
17. Magnús Þorsteinsson frá Króggólfsstöðum
18. Jón Jónsson frá Holti í Garðahverfi.
19. Einar Einarsson frá Þórukoti.
20. Stefán Bjarnason frá Hvítanesi.
21. Magnús Ólafsson frá Akranesi
22. Jón Jakobsson frá Engey
23. Jón Friðleifsson frá Skálmholtshrauni.
24. Sighvatur Árnason frá Eyvindarholti.
25. Björn Jóhannsson Lindargötu 17.
26. Guðmundur Ámundason frá Urriðafossi
27. Páll Ingvi Níelsson frá Vaðnesi
28. Sveinn Gestsson frá Árnakoti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29. Þorlákur Guðmundsson frá Hvammkoti
30. Sigurjón Björsson frá Traðarkoti
31. Gísli Magnússon frá Króki.

V. Lausamennskuleyfi:

1. Valgerður Þórðardóttir Tóttum
2. Gamaliel Kristjánsson Hverfisgötu 30.
3. Ingibjörg Jónasdóttir Bergstaðastr. 16.
4. Jón Jónsson Vesturgötu ~~17.~~ 35
5. Guðrún Hannesdóttir Hverfisgötu
6. Svanborg Jónsdóttir Litlalandi
7. Einar Sigurðsson Bergstaðastræti 39
8. Oddrún Johannesdóttir Hólabrekku
9. Guðrún Guðmundsdóttir Laugaveg
10. Björn Ág. Jónsson Hafnarstræti 10
11. Þórunn Sigurðardóttir Grettisgötu
12. Sigurlaug Tjörvadóttir Bókhlöðustíg
13. Einar Tómasson Grímstaðaholti
14. Ingveldur Jónsdóttir Skáholti
15. Pálína Pálsdóttir Skólastræti 3.
16. Guðrún Jónsdóttir Þingholtstræti 1.
17. Þorbjörg Guðlaugsdóttir Litlabæ Bræðrab.st.
18. Gestur Jónsson Laugaveg 44
19. Brandur Sigurðsson Pálsbæ.

Umsóknarbréf frá þeim mönnum, er lausamennskuleyfi hafa fengið, fylgja hjermeð til athugunar, og óskast þau endursend.

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að kalla hina háttvirtu viðurgjörnings-nefnd Reykjavíkur á fund í Iðnaðarmannahúsinu (vesturendan-um) laugardaginn 9. þ. m. kl. 4½ eptir hád:, til þess að nefndin þá byrji á störfum sínum, sem byrja skal í þessum mánuði.—

Rvík, 8. nóvember, 1907.

Kristján Jónsson

p.t. formaður nefndarinnar.—

Hra adjunkt Pálmi Pálsson sjeð

— kaupmaður Kr. Ó. Þorgrímsson. sjeð.

— verzlunarstjóri Ólafur Amundason. sjeð

— prentari Ólafur Ólafsson (iðnaðarmannahúsinu) sjeð

— skipstjóri Hannes Hafliðason. sjeð

— fátækrafulltrúi Guðm. Guðmundsson. sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að kalla hina heiðruðu meðnefndar-menn mína í niðurjöfnunarnefndinni á fund í Iðnaðarmanna-húsinu á morgun laugardag 4. þ.m. kl. 4 1/2 síðdegis; Til þess að ræða og úrskurða útsvarskærur þær, sem mjer hafa borizt.

Reykjavík, 3. Januarii 1902.

Kristján Jónsson

p.t. formaður nefndarinnar.

Herra adjunkt Pálmi Pálsson. séð, kemur.
-.- kaupmaður Kristján Þorgrímsson kemur.
-.- prentari Ólafur Ólafsson. sjeð — kemur
-.- verzlunarstjóri Ólafur Ámundason. sjeð
-.- skipstjóri Hannes Hafliðason. kemur
-.- fátækrafulltrúi Guðm. Guðmundsson. sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

38.300
1915⁰⁰
40,215

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Haustið 1901 skal jafna niður Kr: 35218.61.

með 5% er það Kr 36.979,54.+
" 6% - - - - 37.331,72.+
" 7% - - - - 37.683,91.+
" 8% - - - - 38.036,09.

Nægilegt er að jafna niður 37000 kr. –

1900 jafnað niður Kr. 32594.

[viðbót minnst nú kr: 4400]

32594
+ 3272
= 35866
+ 988
= 36854
689
= 37.543 } = 37.538.
÷ 5,–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | 535 – | 36 | 246 – |
| 2 | 311 – | 37 | 383 – |
| 3. | 672 – | 38 | 381 |
| 4. | 248 – | 39 | 743. |
| 5 | 541. – | 40 | 1067 |
| 6 | 557. – | 41 | 242 |
| 7. | 1020 – | 42 | 436 |
| 8 | 1663 – | 43. | 689 |
| 9 | 351. – | 44 | 722 |
| 10 | 267 – | 45 | 308 |
| 11. | 516 – | 46 | 672 |
| 12 | 406 – | 47. | 478 |
| 13. | 1490 – | 48 | 343 |
| 14. | 512 – | 49. | 290 |
| 15. | 736 – | 50 | 386 |
| 16 | 242 – | 51 | 370 |
| 17 | 218 – | 52 | 407 |
| 18 | 308 – | 53. | 259. |
| 19 | 525 – | 54 | 643. |
| 20. | 251 – | 55 | 358 |
| 21. | 265 – | 56 | 405 |
| 22 | 464 – | 57 | 480 |
| 23. | 287 – | 58 | 325 |
| 24. | 126 – | 59 | 257 |
| 25. | 1449 – | 60 | [illegible]59 |
| 26 | 412 – | 61 | 405 |
| 27. | 857 – | 62 | 2182 |
| 28 | 428 – | 63 | 2681 |
| 29. | 385 – | 64 | 651 |
| 30 | 474 – | 65 | 294. |
| 31. | 359 – | 66 | 494 |
| 32 | 372 – | 67 | 364 |
| 33. | 318 – | 68. | 318 |
| 34. | 254 – | 69. | 266 |
| 35 | 548 | | |

(69 síður = 17¼ örk)

15
= 214
= 267
481

14 15 16 15
19 214

14 15 16
267
14 15 16
18.267
192 14
= 37.481

NB: Jakob Jónsson frá Hofi á Vatns-
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þó mér findist aukaútsvar sem mér var
gjört i sumar ódi mikið, gat eg samt ekki
feingið af mér að fara að jagast um það;
enn viss er ég um það, að hefdi niðurjöfn-
unarnefdin verið kunnugri enn hún vit-
anlega er minum bágbornu kríngumstædum
þá hefdi útsvar mitt ordið mikið minna

Enda þó mér sé mjög ógeðfelt, að vera að
sdraet um þetta málefni, þá álit ég réttast,
að eg skýri nefndinni rétt og samviskusam-
lega frá efnum minum og ástæðum
og verður það þessa leið.

Eg kom híngað sadr i Sumar mest í þeim
tilgángi að leita mér læknis hjálpar meiri
enn eg gat átt kost á þar sem eg var, m.f.
eg er 71. árs, og er algjörlega þrotinn að heilsu
konan min er ordin mjög heilsu töp, og
getur ekki gjört neina erviða vinnu; börn
okkar eru 3 með okkur tvær stúlkur og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17 ára og piltur 20. ára sem er aðal fyrirvinna okkar, hann var í kaupavinnu og sumar og önnur stúlkan, og er lífsbjörg okkar kaup þeirra með litlum búsleifum okkar; Eg hefi verið optast við rúmið í 4 árin síðustu, og hafa efni mín geingið mjög til þurðar á þeim tíma, og sem nokkuð stafaði af því að eg var að taka við kostnaðarsama jarðabót. m.f.

Bú mitt seldi í vor við uppboð, og undir hendinni nokkuð í vor og haust og var það uppá rúmar 1100 Kr og varð eg að borga um 500 Kr skuldir, mest búðarskuldir.

Jörðina varð ég að neiðast til að byggja ekki með hálfvyrði, eða fyrir 100 Kr og þar af verð ég að borga rentur af skuld sem á henni hvílir 24 Kr og í Brunabótagjald af húsum jarðarinnar 25 Kr m.f. svo eg á ekki fullar 50 Kr í inntekt af henni.

af þessu framan sagða, vonast ég eptir að hin heiðraða nefnd sjái að ástæður mínar eru ekki glæsilegar, og eg vonast eptir hún líti með sanngirni á ástæður mínar við síðari niðurjöfnun sína.

Með Virðingu
Stefán Bjarnason
frá Hvítanesi

Til Niðurjöfnunar-nefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 11. nóvember 1901

Með því að mér þótti útsvar mitt til mikils of hátt síðast liðið ár, en leit svo á, að ókunnugleik niðurjöfnunarnefndarinnar sé um að kenna, þá vildi eg eigi bera mig upp undan því í fyrra haust, en leyfi mér nú í þess stað að gefa hinni háttvirtu nefnd svolátandi skýring á efnahag mínum.

Eg er með öllu efnalaus maður. Eg misti föður minn á ungum aldri og komst í gegnum latínuskólann eingöngu fyrir aðstoð móðurbróður míns. Við háskólanámið styrkti hann mig og ávalt nokkuð. En frá því er Garðvistinni lauk, varð eg að bjargast mestmegnis upp á eigin spítur, þ. e. a. s. með því að taka fé að láni, til þess að geta lokið náminu, enda var eg skuldugur um 1400 kr., er því var lokið.

Þegar heim kom frá háskólanum, var eg ráðinn í þjónustu Biblíufélagsins, en fekk að eins 1200 kr. í árslaun hin fyrstu tvö árin, og með þeim launum tókst mér ekki að grynna á skuldunum, svo að neinu munaði. Næsta ár fór eg að nýju utan til háskólanáms á Þýzkalandi og Englandi. Þá 11 mánuði, er eg var í þeirri ferð, fekk eg engin laun hjá Biblíufélaginu; og þótt eg fengi 1200 kr. styrk frá Danmörku og 600 kr. frá alþingi, varð mér dvölin erlendis svo dýr, að eg varð að kosta eigi all-litlu til úr eigin vasa, auk styrksins. Með því að eg alls ekkert kaupgjald fekk þessa 11 mánuði, var mér eigi auðið að borga skuldir mínar það árið. Þegar eg kom heim úr utanferðinni voru laun mín færð upp í 2400 krónur; sama árið gifti eg mig. Auk þessa starfs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

míns fyrir Biblíufélagið hefi eg síðastliðið ár haft á hendi trúbragðakensluna við latínuskólann, og er borgunin fyrir hana – 9 tíma á viku – 290 krónur yfir veturinn.

Eg vil og benda hinni háttvirtu nefnd á það, að eigi er sanngjarnt að bera mig saman við embættismenn, er komnir eru í fast embætti með eftirlaunarétti. Falli eg frá, fær kona mín og þeir, er eg á fyrir að sjá, engan styrk frá því félagi, er eg vinn fyrir, eins og ekkjur embættismanna, er eftirlaunarétt hafa.

Eg skal að síðustu geta þess að enn nema skuldir mínar rúmum 1200 krónum.

Að öðru leyti mun nefndinni kunnugt um hag minn, og skal eg því eigi orðlengja þetta frekar.

Til samanburðar skal eg leyfa mér að benda hinni háttvirtu nefnd á, hvort sanngjarnt muni hafa verið að leggja á mig 80 kr. útsvar, en eigi nema 60 kr. á herra tannlækni V. Bernhöft og, að því er mig minnir, einar 30 kr. á herra úrsmið E. Þorkelsson.

Virðingarfylst

Haraldur Níelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar ed eg undirskrifud er ordin svo fullordin og lúin, 60, ára, gumul og ein ad vinna fyrir mjer og þoli því illa mikil gjöld þessa ut taka úr útsvar, þá er það mín innilegósk ad hin háttvirta Niðurjöfnunarnemd Reykjavíkur bæar væri á mjer þá birði

Virdingar fílst

Reykjavík 29/10 1901,

Sigrídur Jónsdóttir

Bergstadastig N/23

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil jeg láta
hina heiðruðu niður-
-jöfnunarnefnd í
Reykjavíkurbæ vita
að Hra Helgi Helgason
í Þerney. borgar nú í ár
til Kjalarneshrepps
Aukaútsvar 55. Krónur.

Virðingarfyllst.

Kjalarneshreppi að Álfsnesi
24 október 1901.
Kr. Þorkelsson
(oddviti)

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tómthúsmaður Björn Stefánsson, Mýrarhúsi Nýlendugötu,
biður um linun í aukaútsvari vegna veikinda
(áður útl.) (fingurmein). –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með skal eg leifa mjer
að geta þess að eftir það að jeg
hafði gefið lisið niðurjöfnunar skrá
bæjarins sem síðast lá firir, þá finst
mjer að hún sje ekki sem nákvæm
ust að liggja á eftir efnum og á síg
komu lagi og er til þess full ástæða
það er enginn von að nefndinni
sjeu full ljósar kringumstæður
mínar og skal eg leifa mjer að geta
þess að jeg held heimili mínu með
farlama foreldrum báðum á
Göfugð aldri og mjög heilsu lap
um og útslitnum einkum hún
sem aftur er 2 og við rúmið en með
þessu hafa þaug frelsast frá
að biðja um aðra hjálp. Mjer
eru ætlaðar 18 Kr en áftur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samboðið manni mínum 16 kr.
sem hefur að eins heilsugóða
konu og sig framm að færa
Ef hæfilega hátt er á hann
lagt þá finst mjer vera of hátt
á mjer og þettað vona jeg að
nemdinn taki til yfirveg
unar

Bakkabæ 29 desbr 1900
(virðingarfyllst)
Jón Gunnlögsson

Til
niðurjöfnunarnemdarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 2. d nóvember mán. 1901.

Hérmeð leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að prentari Ólafur Ólafsson hefur verið kosinn til að taka sæti í nefndinni í stað Einars járnsmiðs Finnssonar —

Halldór Daníelsson

Til
formanns niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur